Davíð A. Stefánsson

Sigrún Valdimarsdóttir

Kveikjur

Kennsluleiðbeiningar

Efnisyfirlit

Kæri kennari! 4
Uppbygging efnisins 5
Hugmyndafræði og markmið 6
Allt er efniviður 6
Sýnileg íslenska 7
Gildi þess að ljúka við verk og „gefa út“ . . 7
Lestur og bókmenntir 8
Talað mál og hlustun 9
Ritun 10
Málfræði 11
Hugmyndir að stórum vetrarverkefnum . 12
Námsmat 13
Ýmsar gagnlegar og forvitnilegar vefsíður 16

Einkaþjálfun í íslensku – svona herðir þú orðavöðvana – Upphitun 17
Aukaverkefni 17

1. kafli – „Af hverju vil ég efla læsi?“ 18
Verkefnabók – lausnir 19
Aukaverkefni 23
Ítarefni 23

2. kafli – Mikill er máttur tungunnar! 25
Textabók 25
Verkefnabók – lausnir 25
Aukaverkefni 28
Ítarefni 28

3. kafli – Fjölmiðlar eru læsilegir 30
Verkefnabók – lausnir 30
Aukaverkefni 31
Ítarefni 31

4. kafli – „Ég skal sko segja þér … “ 32
Verkefnabók – lausnir 32
Aukaverkefni 36
Ítarefni 37

5. kafli – Þrautir úti í mýri, álög inni í stýri (ha?) 38
Textabók – lausnir 38
Verkefnabók – lausnir 39
Aukaverkefni 41
Ítarefni 42

6. kafli – Fræðilegur lestur en ekki hræðilegur 43
Verkefnabók – lausnir 43
Aukaverkefni 44
Ítarefni 44

7. kafli – Hvað á tungumálið að þýða? 46
Textabók – lausnir 47
Verkefnabók – lausnir 47
Aukaverkefni 49
Ítarefni 50

8. kafli – Ást er … að týnast í orðum 52
Textabók 53
Verkefnabók – lausnir 53
Aukaverkefni 56
Ítarefni 56

9. kafli – Unglingurinn sem ljóðaði yfir sig 57
Verkefnabók – lausnir 57
Aukaverkefni 59
Ítarefni 59

10. kafli – Öll þessi skilaboð 61
Ítarefni 61

Viðauki 62
Taktu stöðuna! 62
Spurningar úr köflum 67
Ýmsir gátlistar 71
Skyldleiki tungumála 74
Hugmyndir að nýyrðum yfir orðið „unglingur“: 75
Hugmyndir að nýyrðum yfir orðið „kona“ 75

Tilvísanir 76

Kæri kennari!

Kveikjur snúast um leik, læsi, sköpun, ritun, skilning og vald á íslenskri tungu. Styrkur og sjálfstraust í að beita eigin tungumáli er lykill að námi, bæði hvað varðar skilning og sjálfa grunnforsendu náms – námsáhugann.

Þetta viljum við undirstrika – með því að ýta undir leik og sköpun nemenda með þann takmarkalausa efnivið sem tungumálið er eða eins og segir í aðalnámskrá:

> Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni, athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011*, bls. 24)

Í umræðu um íslenskukennslu vill oft gleymast að sá sem hefur takmarkaðan aðgang að tungumálinu hefur skert vald í samfélaginu og þar með skerta möguleika til lífsgæða. Tungumálið er lykillinn að hugsun, skipulagi, tilfinningum, lífsstíl, menntun, atvinnu, fjölskyldutengslum og vinatengslum. Það tengist því öllu okkar daglega lífi.

Við leggjum mikið upp úr námi í samhengi við sköpun og meðvitund um þá staðreynd að allar manneskjur eru skaparar í eðli sínu. Með áherslunni á sköpun og vald viljum við ýta undir að skólakerfið leggi rækt við þessa þætti þannig að nemendur tileinki sér skapandi og gagnrýna hugsun.

Leikur, læsi, sköpun, ritun, skilningur og vald eru lykilorðin. Til að fá nemendur af krafti inn í starf vetrarins er nauðsynlegt að kveikja hjá þeim áhuga á sjálfu tungumálinu sem fyrirbæri áður en mikil áhersla er lögð á tæknilega þekkingu, s.s. málfræði og önnur atriði.

Tungumál, í öllu sínu veldi, er nefnilega svo áhugavert fyrirbæri að allir ættu að geta fundið eitthvað í því sem vekur áhuga og eldmóð.

Þessar kennsluleiðbeiningar eru fyrst og fremst hugsaðar sem stuðningur við kennsluna og til kynningar á hugmyndafræði efnisins. Hér og þar setjum við fram hugmyndir um hvernig nota má umræður eða tilteknar aðferðir til að hreyfa enn betur við nemendum. En framlag þitt og fagmennska er það sem á endanum glæðir kennsluna lífi.

Davíð Stefánsson og Sigrún Valdimarsdóttir

Uppbygging efnisins

Kveikjur eru einkaþjálfun í íslensku þar sem tekið er mið af aðalnámskrá frá 2011 og 2013 og þeirri áherslu sem þar er að finna meðal annars á læsi, ritun og sköpun. Námsefnið samanstendur af textabók, verkefnabók og kennsluleiðbeiningum. Bækurnar spila saman og því verður nokkur skörun í efninu (í textabók eru verkefni, í verkefnabók er líka fróðleikur og í kennsluleiðbeiningum eru verkefni, fróðleikur og ítarefni). En auðvitað á ríkasta áherslan að vera á að nemendur lesi og ígrundi efni textabókar og vindi sér inn á milli yfir í verkefnabókina. Verkefnabókin er fjölnota og gert ráð fyrir að nemendur vinni verkefni í stílabók, á laus blöð eða leiðarbók.

Við leggjum þó ríka áherslu á þetta:

Kveikjur þarf ekki að kenna
frá fyrstu blaðsíðu til hinnar síðustu!

Kveikjur er fjölbreytt efni og farið er um víðan völl. Efnið er vissulega sniðið að hefðbundnum vetri og kennari getur í sjálfu sér tekið fyrir einn kafla í einu, hvern á eftir öðrum, og farið þannig í gegnum alla textabókina. En þannig þarf það ekki að vera.

Að vísu er gott að byrja á byrjuninni og fara vel í upphafið og fyrstu tvo kaflana um læsi og mátt tungunnar. Í tengslum við efni þeirra er hægt að kveikja raunverulegan áhuga hjá nemendum þannig að þeir hugsi með sér:

„Ég á tungumálið, það tilheyrir mér og er í mér og ég ætla,
af því að ég vil það, að læra til að verða betri í íslensku!“

Að þessu loknu er hægt að snúa sér hvernig sem er innan efnis bókarinnar. Ein leiðin er að fá nemendur sjálfa í samtal um efni hennar, skoða efnisyfirlitið, fletta bókinni og athuga hvort þeir hafi sjálfir skoðanir á því hvaða kafla á að taka fyrir næst. Þetta er einmitt góð æfing í því að finna út áhuga nemendanna sjálfra, í stað þess að þeir séu hlutlausir þiggjendur:

> Hvað vita nemendur sjálfir um íslensku? Hvað finnst þeim um hana? Er hún skemmtileg eða leiðinleg – af hverju og af hverju ekki? Hvar liggur áhugasviðið? Skilja þeir áhrif tungumálsins í daglegu lífi? Kunna þeir sögur af tungumálinu og málnotkun, misskilningi, misheyrn, ljótu viðurnefni eða fleiru slíku? Ef þeir mættu rannsaka hvað sem er sem tengist íslensku, hvað myndu þeir rannsaka? Ef þeir væru kennarinn, hvernig myndu þeir kenna íslensku í vetur? Og svo framvegis …

Samtal af þessu tagi í fyrstu kennslustundum annarinnar leggur góðan grunn að vetrinum, kannar áhugann og getur verið kveikja að virku námi – og svo getur það líka verið mjög skemmtilegt!

Hugmyndafræði og markmið

Markmiðið með *Kveikjum* er fyrst og fremst að styrkja nemendur sem málnotendur, lesendur, greinendur og skapara; auka sjálfstraust þeirra í notkun og meðferð íslenskunnar og gera þeim ljóst hversu mikilvæg hún er fyrir þá persónulega og samfélagið í heild sinni. Í leiðinni ljóstrum við auðvitað upp hversu skemmtileg íslenskan er, en það er önnur saga.

> Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónu-

legan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011*, bls. 19.)

Allt er efniviður

Nafn bókanna, *Kveikjur*, er dregið af þeirri kenningu að allt í kringum okkur sé að finna uppsprettur sem kveikja ósjálfrátt hjá okkur áhuga og hugmyndir – orð sem við heyrum og vekja hjá okkur minningar og tilfinningar, myndir sem við sjáum gera það einnig, sögur sem við lesum, fréttir og brandarar sem við heyrum, kvikmyndir sem við horfum á og tónlist sem við hlustum á. Öll þessi fyrirbæri eru full af táknum og tengingum sem hafa áhrif á okkur – þess vegna leitum við í þau af eins mikilli áfergju og raun ber vitni.

Í textabókinni er að finna sérstakar kveikjur við lok kafla – stundum stutta texta eða ljósmyndir. Þessar kveikjur má vinna með á fjölbreyttan hátt og þær leiðir sem við leggjum til eru aðeins fáeinar af ótalmörgum. Í samræmi við ábendingu um samtal við nemendur hér að framan er tilvalið að kalla fram þeirra eigin hugmyndir um vinnu með þessar kveikjur.

Sýnileg íslenska

Sameiginleg og sýnileg vinna með tungumálið er afar mikilvæg. Þegar unnið er með hugsanaromsur og hvað hverjum og einum dettur í hug út frá kveikju (orði, tákni, mynd) eða þegar nemendur búa til sín eigin nýyrði er sterkur leikur að skrá jafnóðum upp á töflu **allar niðurstöður**, sama hvernig þær eru, þannig að allar raddir séu jafnréttháar.

Einnig má taka einn vegg í bekknum og nota hann á hugmyndaríkan hátt sem safnvegg allan veturinn. Upplagt er að fá nemendur til að ákveða í samráði við kennarann hvað veggurinn á að innihalda. Forvitnileg orð, skrýtnar orðasamsetningar, fimmaurabrandara, ljóð, auglýsingar, myndverk, allt þetta eða eitthvað allt annað?

Meginmarkmiðið er að tungumálið sé virkur og sýnilegur hluti af námsefninu á hverjum degi og að nemendur horfi upp á framvindu og þróun tungumálsins í kringum sig.

Gildi þess að ljúka við verk og „gefa út“

Allir eru skaparar og geta virkjað sköpunargáfuna innra með sér, bæði í stórum og smáum verkefnum. Í þessu sambandi er mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að fara í gegnum ferli með sköpunarverk sín og kynna þau fyrir öðrum – í eigin nafni. Því er mikilvægt að eftirtaldir þættir séu hluti af náminu og kennslunni:

- að nemendur auðkenni verk sín alltaf (eða sem oftast) með titli eða yfirskrift
- að nemendur merki sér eigin verk með nafni, helst með eiginhandaráritun
- að nokkrum sinnum yfir veturinn skili þeir verkum frá sér í endanlegu formi, t.d. með því:
- að klippa, teikna, hefta eða líma saman einfalda „bók“ með smásögum, örsögum, ljóðum eða hugmyndum
- að ljúka við verk og birta þau í endanlegu formi með einhverri annarri tegund af „útgáfu“ (t.d. myndband, hljóðupptaka)

- að halda sýningu á veggjum skólastofunnar (myndlist, ljóð, klippimyndir)
- að setja saman leikþætti, örleikrit, viðtalsþætti, fréttaþætti eða annað leikrænt.

Lestur og bókmenntir

> Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013*, bls. 99.)

Magnið af upplýsingum sem mætir okkur á hverjum degi og hraðinn sem þær birtast á gera að verkum að við erum að vissu leyti orðin ónæm fyrir þeim. Meirihluti daglegs lestrar er hröð skimun – bæði lestur á netinu svo og á dagblöðum og tímaritum. Hættan er sú að við yfirfærum þennan hæfileika til skimunar yfir á aðrar aðstæður þar sem betri athygli er þörf, t.d. við lestur á bókmenntum, listum, fræðigreinum eða námsbókum.

Í þeim köflum í *Kveikjum* sem snúa að bókmenntum er því lögð áhersla á **að kenna lestur með athygli**. Sjónum er beint að eiginlegri bókmenntagreiningu og bókmenntatextarnir eru krufðir; upp úr þeim er tekið það helsta sem skiptir merkingu textans máli, ljósi er varpað á það hvernig afstaða sögumanns getur skipt öllu máli og hvernig tónn í frásögn stýrir lestri.

Markmiðið er að fá nemendur út úr sjálfvirkum og hröðum skimunarlestri og inn í meiri ró og athygli; fá þá til að stíga inn í heim lestrarins á nýjum forsendum. Þetta tekur þó tíma en vandleg yfirferð yfir bókmenntakaflana á að hjálpa til því að þar geta nemendur séð svart á hvítu hversu margar ólíkar víddir er að finna í bókmenntatexta.

Að sama skapi er nemendum kennt að takast á við lestur fræðigreinar og texta námsbóka með markvissum hætti – í stað þess bara að skella sér í að lesa og detta þar með inn í hraða skimun hversdagsins. Í öllum lestri gildir þetta lögmál: Athygli er ákvörðun. Það er kjarninn í læsinu og lestrinum, alveg sama hvort við erum að lesa ljóð, samfélagsreglur, orðræðu, auglýsingu eða hvað annað. Allar æfingar til að vekja athygli nemenda eru því af hinu góða.

Þar sem vitað er að nemendur vinna á misjöfnum hraða og því næsta víst að einhverjir verði fyrr búnir með verkefnaskammt vinnubókar en hinir, þá mælum við með því að lestrarbók sé alltaf höfð með í töskunni og gripið í hana ef biðin virðist ætla að verða löng. Þannig verður tíminn vel nýttur og biðin virkar styttri en ella.

Talað mál og hlustun

> Í lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum eru færir um að taka þátt í samfélagsumræðunni og eiga jafnan auðvelt með að miðla af þekkingu sinni. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013*, bls. 98.)

Áherslan í tengslum við talað mál og hlustun er fyrst og fremst á *að fá nemendur til að öðlast það sjálfstraust sem þarf til að standa frammi fyrir hópi og tala, kynna sig og sínar hugmyndir* og lesa eigin verk og annarra. Í þessu samhengi skiptir líkamstjáning og raddbeiting miklu máli og ekki er úr vegi að fjalla um hið mikilvæga hlutverk áheyrenda, virka hlustun þeirra og kurteisi í garð flytjanda.

Í þessu eins og öðru er gott að fá nemendahópinn inn í umræður um það hvernig best er að fjalla um t.d. framsögn:

> *Í næsta tíma ætlum við að fjalla um framsögn og æfa hana. Hvaða tegund framsagnar finnst ykkur þægilegust? Hvernig framsögn eigum við að æfa? Upp við* töflu? Gangandi um stofuna? *Flytur maður alla texta á sama hátt? Ef ekki, af hverju ekki? Eigum við að halda ræðukeppni, upplestrarkeppni, keppni í ýktustu leikrænu tilburðunum eða gera eitthvað allt annað?*

Í tengslum við ritun er nauðsynlegt að nemendur venjist því að lesa verk sín upphátt fyrir bekkinn með því að hafa reglulega upplestrarstund. Gott er að nýta styttri ritunarverkefni í óformlega framsögn, leyfa nemendum að lesa upp og deila hugmyndum sínum á afslappaðan máta. Öll framlög eru gjaldgeng í svona vinnu, ekki síst ef nemendum er gert rækilega ljóst að allir séu að gera sitt besta og sigurinn sé fólginn í því að þora að tjá sig.

Ritun

> Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega, í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli hafa tök á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert og meta það sem aðrir birta. Meðal annars með þessum hætti tengjast lestur og ritun. Þar hefur hvort gagn af öðru og því mikilvægt að kenna og þjálfa lestur og ritun samhliða, allt frá upphafi skólagöngu til loka hennar og byggja upp stigvaxandi hæfni í ritun. (*Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013*, bls. 99.)

Þegar kemur að rituninni er mikilvægt að nemendur fái að skrifa og skapa frjálst og óhikað og leyfi hugmyndaflugi og ímyndunarafli að njóta sín, sérstaklega í fyrsta fasanum (sem er hinn eiginlegi sköpunarfasi). Langflestir (bæði börn og fullorðnir) eru feimnir við að tjá sig í rituðu máli og þurfa stuðning við það, hvatningu til að þreifa sig áfram óttalaust, án þess að dæma sig. Þar er hvatning kennarans því sérlega mikilvæg.

Ágætt er að hafa í huga að ritunarverkefni þurfa alls ekki að vera löng eða flókin til að skila árangri. Stuttar og hnitmiðaðar æfingar sem reyna ekki að taka á öllu í einu geta haft mikil áhrif og eflt þá hugmynd hjá nemendum að þeir kunni sjálfir að skapa og geti auðveldlega tileinkað sér nægilegt frelsi til þess.

Í ritun er samtal kennara og nemenda jafn mikilvægt og áður:

> *Hvernig skrifar þú? Hvers vegna? Hvers vegna ekki? Hvernig texta langar þig að skrifa? Af hverju? Hvað finnst þér skemmtilegast að lesa? Hvað í textanum eða frásögn/framsetningu togar í þig og kveikir áhuga þinn?*

Á þessu stigi málsins er mikilvægast að sem flestir stigi það skref að þora að skrifa eigin sköpun niður á blað, sama hvort það er stutt lýsing á persónu, atburði, ljóð, smásaga, skáldsaga, hug-

mynd að leikriti, bíómynd eða annað. Gæðin skipta í raun engu máli í upphafi – þar þarf frelsið að vera óheft. Mikilvægt er að fá sem allra flesta nemendur til að deila skrifum sínum með einum eða öðrum hætti, t.d. með því að lesa upp afrakstur eftir ritunarvinnu eða a.m.k. segja bekknum og kennaranum frá því í stuttu máli hvað þeir skrifuðu.

Á síðari stigum má svo huga að stafsetningu, lengd setninga, orðaforða, orðavali, frágangi og málfræðiskilningi og reyna eftir fremsta megni að fá nemendur sjálfa til að finna út hverjar reglurnar eru. Það er afar þroskandi að fara aftur yfir textann og hreinskrifa hann með þessi atriði og önnur í huga.

Endurritun í samhengi við skapandi samtal við aðra nemendur er einnig líkleg til að styrkja alla nemendur – þar geta t.d. tveir og tveir unnið með texta hvor annars, rætt um hvað var áhugavert og hvað síðra, hvað megi bæta og svo framvegis.

Á meðan nemendur þreifa á eigin smekk og hæfileikum er hægt að notast við ýmsan stuðning. Að lesa ljóð af tiltekinni gerð, velta fyrir sér eiginleikum þess og „herma“ svo eftir því, hefur mikið gildi og eykur skilninginn á eðli texta.

Málfræði

Í umfjöllun og verkefnum um málfræði er meginmarkmiðið að nemendur átti sig á hlutverki orðflokka í tungumálinu og þeirri virkni sem ólík orð og ólíkir orðflokkar hafa á merkingu þess sem við lesum og upplifum. Málfræðihugtökunum er ætlað að útskýra enn betur merkingu og hlutverk orðflokksins í tungumálinu en líka að sýna nemendum fram á að þeir öðlast mun meira vald á tungumálinu – og um leið að beita því – ef þeir þekkja og tileinka sér grunnhugtök málfræðinnar. Lagt er upp með að nemendur finni sjálfir út hvaða merkingu og áhrif ákveðin málfræðiatriði hafa og því þarf að kenna þeim að leita upplýsinga og nota handbækur um málfræði (t.d. *Málfinn*), orðabækur og annað efni sem nýtist við málfræðirannsóknir.

Hugmyndir að stórum vetrarverkefnum

Sagnastund bekkjarins

Nemendur sækja styttri og lengri sögur til fjölskyldu og ættingja. Sögurnar mega vera af öllu tagi, gleðilegar og harmrænar, allt eftir þema eða löngun hverju sinni. Til dæmis er hægt að biðja um gömul sendibréf eða hluti sem tengjast ákveðnum atburðum, koma með það í bekkinn, útskýra söguna á bak við, sýna og segja frá.

Hægt er að dreifa þessari vinnu jafnt á veturinn, þannig að tveir til þrír nemendur segi frá hverju sinni, eða taka tvær til þrjár kennslustundir samfellt í vinnuna. Ef mikil stemmning er fyrir verkefninu er hægt að gera enn meira úr því með því að nemendur mæti spariklæddir, taki upp myndir af frásögnunum og safni þeim saman á mynddisk eftir veturinn.

Lestrarmappa bekkjarins

Nemendur lesa reglulega í frjálslestrarbók allan veturinn og skrá niður stuttan ritdóm um bókina eða fylla út sérstakt en einfalt eyðublað með bókarrýni. Smátt og smátt safnast saman gagnrýni

sem má leita í áður en ný bók er valin til lestrar.

Þetta má útfæra á ýmsa vegu:

- að hafa tilbúin blöð sem nemendur fylla út og raða í möppu í stafrófsröð bókanna eða hengja upp á vegg, ýmist í stofunni eða á bókasafninu (eyðublöð er m.a. að finna á *Málbjörgu* http://vefir.nams.is/malbjorg/bokmenntir.html og *Bókaormum* http://bokaormar.khi.is/)
- að skrá ritdóminn í tölvu og safna saman í eina skrá öllum ritdómum bekkjarins, prenta þá reglulega út og setja í möppu eða bók
- að vera með munnlegar kynningar fyrir bekkinn þegar nemandi klárar bók, þar sem hann sýnir bókina og segir frá áður en ný er valin.

Markmiðið er að nemendur lesi reglulega og miðli reynslu sinni með einhverjum hætti til annarra nemenda ásamt því að vekja áhuga hinna á öðrum lestrarbókum en þeir eru að lesa. Að hafa allt sem tengist lestri sýnilegt í skólastofunni eykur líkurnar á því að nemendur verði virkari í lestrinum.

Krukkurnar í skólastofunni

Fyrir ritun er tilvalið að hafa krukkur (eða önnur ílát) aðgengilegar í skólastofunni sem hægt er að safna í miðum fyrir alls kyns ritunarefni. Í aðskildar krukkur má setja miða með upphafssetningum, endalokum, ólíkum sögusviðum, persónulýsingum o.s.frv. Hugmyndirnar eru óþrjótandi: atburðarás, persónur, ljóðlínur, fyrirsagnir, bókatitlar, málshættir, slagorð, myndir af fólki, stöðum, umhverfi, Ég man… og hvaðeina sem kennara og nemendum dettur í hug.

Þessa miða er sömuleiðis hægt að nýta í framsögn, leikræna tjáningu, ræður, stillimyndir, teikningar, myndasögur og fleira skapandi.

Orðabók bekkjarins

Bekkurinn safnar áhugaverðum orðum allan veturinn í *Orðabók bekkjarins.*

Orðin finna nemendur víða: Í textabókinni, í lestrarbókum eða öðrum námsbókum, í samtali við félaga eða fjölskyldu, í fréttamiðlum, hvar sem er. Hver og einn skráir hjá sér sín orð ásamt skýringum og miðlar þeim til bekkjarfélaga því tilgangurinn er að auka jafnt og þétt orðaforða nemenda. Einnig getur kennarinn ákveðið að taka fyrir viss orð og vinna frekar með þau eftir hentugleika.

Gert er ráð fyrir að unnið sé jafnt og þétt að þessari söfnun allan veturinn og haldið utan um orðin, t.d. með því að safna þeim í bók eða möppu, í tölvu, á veggspjald eða á annan hátt.

Nánar um vinnuna með orðabók bekkjarins:

- Hvað þýðir orðið?
- Í hvaða samhengi er það notað? Í hvaða tilgangi?
- Finndu samheiti og andheiti.
- Hvaða orðflokki tilheyrir orðið?
- Orðhlutar – er hægt að mynda ný eða önnur orð af umræddu orði?

Námsmat

> Megintilgangur námsmats í íslensku og íslensku táknmáli er að kanna stöðu nemenda, nota niðurstöður til að leiðbeina þeim um námið og laga kennslu að þörfum þeirra.
>
> Námsmat þarf ætíð að vera í gangi og það er órjúfanlegur hluti náms og kennslu.
>
> Mat verður að vera nátengt hæfniviðmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár og vera með þeim hætti að niðurstöður nýtist sem best nemendum, foreldrum, kennurum og skólastjórn. Mikilvægt er að nemendur fái vitneskju um forsendur námsmats, til hvers sé ætlast af þeim og hvernig metið.
>
> Við mat á námi skal leitast við að fá sem gleggstar upplýsingar um það sem nemendur kunna eða geta og þegar niðurstöðum er miðlað þarf að leggja áherslu að þeir fái tilfinningu fyrir því sem áunnist hefur og hvert ætti að vera næsta skref í náminu. Þetta beinist að því að nemendur þrói með sér raunhæft sjálfsmat sem, ásamt annars konar námsmati, elur af sér gleggri sýn á námið og markvissari vinnubrögð. [...]
>
> Það er mikilvægt að meta fjölbreytta hæfni nemenda en hafa ekki einungis fá atriði í huga. Þar koma meðal annars til greina einstaklingsverkefni, hópverkefni, sjálfsmat, jafningjamat á viðbrögðum lesenda, hlustenda eða viðmælenda við því sem nemandi fjallar um. (Aðalnámskrá grunnskóla: Greinasvið 2013, bls. 117)

Kennari þarf að gefa sér góðan tíma til að ákveða og skipuleggja námsmat í upphafi vetrar og kynna nemendum hvernig því verður háttað.

Hugmyndir okkar að námsmati í tengslum við *Kveikjur* miða að því fyrst og fremst að það sé leiðbeinandi, virki hvetjandi á nemendur og að þeir séu sjálfir þátttakendur í að móta og vinna námsmatið undir leiðsögn kennara.

Púltið

Púltið er safnmappa sem nemendur nota til að halda utan um námsmatsverkefni. Í það er hægt að safna ritunarverkefnum, könnunum, sjálfsmati, jafningjamati, lestrardagbók, glósum, prófum, ljóðum, myndverkum, umsögnum og í raun hverju því sem til fellur og nýtist í námsmat. Þó þarf að velja verkefni af kostgæfni og vanda valið.

Púltið getur líka nýst sem ferilmappa þar sem kennarar, nemendur og foreldrar geta skoðað verkefni og framfarir nemenda, án þess að öll verkefnin séu metin til einkunna.

Í textabókinni eru fjölmörg ritunarverkefni sem nýtast sem námsmatsverkefni. Til að auka fjölbreytni við val á verkefnum og auka áhrif nemenda getur kennari ákveðið fyrir fram hvaða verkefni hann vill nota, hann getur valið verkefni í samráði við nemendur eða leyft þeim að velja úr ákveðnum verkefnum.

Í verkefnabók eru spurningar til nemenda í lok hvers kafla (Taktu stöðuna! – til útprentunar hér í viðauka) sem hægt er að safna í *Púltið*. Spurningar úr hverjum kafla sem nota má í námsmat, bæði að hluta eða í heild, er sömuleiðis að finna í viðauka.

Til hægðarauka fyrir nemendur og kennara er gott að halda skrá yfir það hvaða verkefni eiga að fara í *Púltið*, hvort heldur það er í tölvu kennarans eða skráð jafnóðum á eyðublað sem nemendur hafa fremst í *Púltinu*. Þannig er hægt að halda utan um hvort öllum verkefnum hefur verið skilað. Hugmynd að skráningu, sem jafnframt nýtist sem matsblað, er að finna í viðauka kennsluleiðbeininganna.

Hvað á að meta og hvernig?

Við upphafs hvers kafla þarf að gera nemendum grein fyrir hver markmiðin eru og hvert námsmatið verður. Hér er tilvalið að virkja þá til samstarfs, fletta námsefninu og skoða hvað væri gott að meta, hvers vegna og jafnvel hvernig.

Ráðlegt er að yfirfara *Púltið* reglulega og láta nemendur skoða matið í hvert skipti sem þeir fá það til baka. Eins þarf að hvetja nemendur til að skoða fyrri verkefni og umsagnir þegar þeir takast á við ný verkefni – því þá fyrst verður námsmatið leiðbeinandi þegar þeir skoða hvað þeir gerðu vel og hvað þeir þurfa að bæta.

Leiðbeinandi og hvetjandi námsmat þarf hvorki að vera flókið né stórt í sniðum. Mikilvægt er að afmarka fá markmið við hvert verkefni og meta þau eingöngu. Með tímanum og aukinni færni nemenda er hægt að fjölga markmiðum og um leið þeim atriðum sem á að meta.

Þegar verið er að kveikja áhuga nemenda, t.d. á ritun, ætti fyrst og fremst að meta framlagið sjálft: *Fylgdi nemandi fyrirmælum um efnistök, titil eða annað sem verið var að biðja hann um?* Á þessu stigi ætti ekki að agnúast mikið út í stafsetningu, enda áherslan á annað. Með auknum áhuga og sjálfsöryggi og meiri æfingu nemenda á auðvitað að gera kröfur um stafsetningu og málfar. En sköpunin, virknin og viðhorfið eiga að vera í fyrsta sæti.

Það sama má segja um framsögn – það er um of að ætla að meta líkamsstöðu, líkamstjáningu, raddstyrk, framburð, blæ og efnistök í fyrsta kasti. Nemendur ættu fyrst og síðast að öðlast sjálfstraust til að standa frammi fyrir bekkjarfélögum og þá dugar að meta eitt eða tvö atriði. Þegar líða fer á veturinn er hægt að gera meiri kröfur og meta fleiri þætti.

Til að námsmatið virki hvetjandi þarf endurgjöfin að vera einföld, jákvæð og gagnleg. Hvað er vel gert? Hvað þarf að bæta – og hvernig er hægt að gera það? Gátlistar af ýmsu tagi eru gagnlegir bæði fyrir nemendur og kennara. Þá gildir einu hvort kennari fyllir þá út, nemandi eða jafningjar.

Við gerð gátlista getur verið gott að hafa nemendur með í ráðum. Þeir sjá þá hvaða kröfur eru gerðar til þeirra, vita fyrirfram hvað á að meta og geta sjálfir haft áhrif á námsmatið með tillögum að atriðum sem á að meta í einhver skipti. Slík vinna krefst virkni nemenda og gerir þá um leið ábyrga og vonandi sjálfstæðari.

Ýmsar gagnlegar og forvitnilegar vefsíður

- Hjá Árnastofnun er að finna ýmsa vefi til að aðstoða málnotendur. Gott er að fara yfir þessa vefi og kynna fyrir nemendum: http://www.arnastofnun.is/page/gagnasofn
- Beyging orða: http://bin.arnastofnun.is/
- Orðabókarsafn http://snara.is/8/
- *Málbjörg* og *Miðbjörg*, Svanhildar Kr. Sverrisdóttur, hafa að geyma mikið safn af glærum, gátlistum, námsmatshugmyndum og öðrum fróðleik: http://vefir.nams.is/malbjorg/index.html og http://vefir.nams.is/midbjorg/index.html

- *Á vef Námsgagnastofnunar er hægt að nálgast smásögur, þjóðsögur og annað efni til að hlusta á:* http://nams.is/Namsefni/Namsgrein/?categoryid=96110466-f917-45db-ab2a-56670b5b2fb1
- Ýmsar minnisvísur: http://vefir.nams.is/malyrkja/Vidbotarverkefni/ymsar_minnisvisur.htm
- Á vef Námsgagnastofnunar er að finna fjöldann allan af námsmatsverkefnum og gátlistum en flestir eiga þeir það þó sameiginlegt að ætla að mæla mörg atriði.
- Gátlista fyrir námsmat er m.a að finna á heimasíðu Ingvars Sigurgeirssonar https://notendur.hi.is/ingvars/namsmat/matsbanki/Welcome.htm

Einkaþjálfun í íslensku – svona herðir þú orðavöðvana – Upphitun

Hvar finnum við tungumál í umhverfi okkar? Hvar er það notað? Hvernig er það notað? Hver er að ávarpa mig hverju sinni og hvernig gerir hann það?

Í upphafi vetrar þarf að hvetja nemendur til að horfa vel í kringum sig; opna augun rækilega, hlusta, skynja og taka eftir því hversu víða tungumálið er að finna og hversu stór hluti það er af okkar daglegu tilveru. Nemendur eru sendir út af örkinni til að taka eftir letri, táknum, myndum … þetta er alls staðar og hvergi!

Að sama skapi er mikilvægt að skoða gátlista á bls. 4 í verkefnabók og ræða hann í upphafi; kennari og nemendur velta spurningum á listanum fyrir sér, jafnvel fyrst saman í litlum hópum og síðan getur hver og einn svarað skriflega út frá eigin brjósti. Gott er að halda niðurstöðum til haga og fara aftur yfir gátlistann í lok vetrar og bera saman svörin.

Ég man – verkefni

Kennari byrjar á æfingunni og fær svo sjálfsöruggan nemanda til að taka við.

Allir nemendur fara upp á töflu og segja: „Ég man …“ í eina mínútu. Markmiðið er að nemandinn segi eins mikið og hann getur. Þetta er verkefni sem ekki er hægt að leysa rétt eða rangt, það er sigur að standa upp og reyna. Þeir nemendur sem eiga erfitt með að koma orðunum frá sér hafa samt notað þessa mínútu til að hræra upp í tungumálinu í höfðinu. Það skilar sér síðar.

Aukaverkefni

- Nemendur skrifa minningakorn á litla bréfmiða, allir byrja eins: „Ég man …“ Miðunum er hægt að safna saman í krukku og nota þá sem efnivið í framsögn, ritunarverkefni og orðabók bekkjarins.
- Nemendur safna minningabrotum frá nokkrum fjölskyldumeðlimum. Er munur á minningunum eftir því á hvaða aldri fólk er?

1. kafli – „Af hverju vil ég efla læsi?“

Upphaf bókarinnar ásamt fyrsta kaflanum gefur innsýn í þá hugmyndfræði sem efnið byggist á og því ekki úr vegi að fjalla um inntakið þar í samhengi.

Í þessum fyrsta kafla er áherslan sú að allt sem felur í sér merkingu tengist læsi, hvort sem það eru strik, bókstafir, orð, setningar, málsgreinar, tákn, myndir, litir, samfélagsreglur eða annað. Lögð er rík áhersla á **virkni** lesandans og opinn og lifandi áhuga hans, þ.e. að læsi felist í því að lesa á virkan hátt og taka eftir merkingu þess sem lesið er, koma auga á gildishlaðin orð eða tákn og þar fram eftir götunum.

Í öllu efninu er einnig lögð rík áhersla á að nemendur séu, nú þegar, frábærir í íslensku, öflugir lesendur og greinendur, hugmyndaríkir og skapandi. Einfalt dæmi um þetta er að finna í verkefni í textabók þar sem nemandi póstar fyndinni skjámynd á Fésbók.

Þetta er gríðarlega mikilvægur þáttur í áherslum efnisins – að draga sem oftast fram í sviðsljósið gjörðir sem **sanna** fyrir nemendum hversu færir þeir eru í því að beita tungumálinu, greiningu og læsi. Nemandi sem skilur að hversdagslegur atburður eins og að endurpósta einhverju á Fésbók felur í sér alla grunnþætti sköpunar, öðlast aukið sjálfstraust – hann skilur að hann er skapari sem býr yfir öllum tólunum sem nauðsynleg eru til að skapa „alvöru“ listaverk (t.d. ljóð, smásögu eða kvikmyndahandrit).

Bekkjarumræður um læsi og lestur í upphafi vetrar:

Af hverju lestu? Af hverju lestu ekki? Hvað er gott? Hvað er erfitt? Hvað er flókið og hvað truflar þig? Lesa foreldrarnir? Vinirnir? Hvað lesa þeir? Ef þú ættir að velja eina bók til að lesa, hvaða bók yrði það? *Hvernig bók yrði það? Skilurðu gildið í því að vera vel læs og að vera vel* þjálfuð/þjálfaður *í lestri?*

Hvernig er lestur sköpun?

Þegar við lesum fyllum við jafnóðum inn í mynd sem við gerum okkur í huganum, við drögum ályktanir, búum til samhengi, túlkum og virkjum væntingar okkar. Einföld leið til að sýna nemendum fram á þetta er að standa við töfluna og segjast ætla að teikna eitthvað ákveðið, hægt og rólega, og biðja þá um að giska á hvað er verið að teikna. Í sjálfu sér skiptir engu máli hvort kennari teiknar hús, hund eða bara abstrakt teikningu – nemendur munu alltaf koma með skapandi tillögur meðan á ferlinu stendur. Þetta sýnir fram á:

- að lestur felur í sér sköpun meðan á honum stendur (vegna þess að við erum alltaf með takmarkaðar upplýsingar og reynum að fylla inn í eyðurnar)
- að vald þess sem segir söguna (þess sem teiknar) er alltaf algert
- að það eru þessar staðreyndir sem gera lestur svona áhrifaríkan, kvikmyndir svona heillandi, auglýsingar svona lokkandi.

Æskilegt er að vekja athygli nemenda á því að þeirra eigin reynsla og þekking hefur áhrif á það hvernig þeir lesa og skynja – hvernig þeir endurskapa, raða og flokka upplýsingar sem þeir innbyrða. Þannig skilur sá eða sú sem er vel að sér í ævintýrum betur ýmislegt sem kemur fram í kvikmyndum sem byggja á ævintýraminnum; hann/hún hefur aðgang að ákveðinni þekkingu.

Verkefnabók – lausnir

1–5) Til umræðu: Nemendur eru alltaf að skapa. Stöðuuppfærslur og ummæli á Fésbókinni, sms-skilaboð o.fl. eru góð dæmi um sköpun sem nemendur fást við dags daglega án nokkurrar fyrirhafnar. Hvaða fleiri dæmi um áreynslulausa sköpun geta nemendur nefnt?

Ólík málsnið eftir aldri: Eru nemendur með öðruvísi orðaforða en foreldrar þeirra? Ömmur og afar? Er munur á málsniði fólks eftir samfélagsstöðu? Myndu nemendur ávarpa alla eins, t.d. vini sína og ráðherra? En er munur eftir störfum? Er orðaforði læknis og leikara sá sami? Í hverju getur slíkur munur falist? Hvað með talmál og ritmál – er munur á því hvernig málsnið nemendur nota í tali og riti? Af hverju er munur á málsniði fólks? Af hverju tala ekki allir eins við öll tækifæri?

6) Svör í *Málfinni* bls. 53–54.

10–11) Til umræðu: Geta textar haft fleiri en eitt markmið? Hvort markmiðið vegur þyngra? Hvoru er ætlunin að ná? Hvernig má sjá það? Hver er tilgangur með því að hafa fleiri en eitt markmið, t.d. fræða og skemmta?

12) Hér eru nokkrir fleiri fimmaurabrandarar:
Hafið þið heyrt um:

– dýralækninn sem fór í hundana?
– rafvirkjann sem var alltaf í stuði?
– trésmiðinn sem rak við?
– hnefaleikamanninn sem sló í gegn?
– knapann sem var ekki af baki dottinn?
– lyftustrákinn sem sagðist vera ungur maður á uppleið?

13) Til umræðu: Hvaða áhrif hafa stuðlar í málsháttum? Er tilgangur með þeim? Hver gæti hann verið? Gott er að benda nemendum á að hafa stuðlanotkun í huga þegar þeir semja nýja málshætti eða endurgera gamla. Eins má benda á muninn á málsháttum og orðtökum.

Fleiri málshætti Sverris Stormsker má finna með leit á netinu og í bókinni *Stormur á skeri.* Reykjavík. Fjölvi, 1993.
http://minnhugur.bloggar.is/blogg/342469/Malshaettir_ad_haetti_Sverris_Stormskers

15) Í mörgum tilfellum geta fleiri en ein lestraraðferð átt við sömu textategund og því ekki alltaf eitt rétt svar.

16) Sérnöfnin í textanum eru: Evrópu, Gamla-testamentið, Adam, Eva, Paradís, Biblíunni, Mósebók, Guði, Babýlon, Efrat, Guð.

17) Samsettu orðin eru: mismunandi, tungumálum, tungumál, ólík, kristnitöku, upphafi, tungumálið, tiltekið, Mósebók, útskýring, ógrynni, ólíkra, frásögninni, sameiningu, hugmynd, tungumálum, tilheyrði, musterisbyggingum, orðatiltækið, ringulreið, tungumálum, tungumálum.

19) Stafrófið

A, Á, B, D, Đ, E, É,
F, G, H, I, Í, J, K.
L, M, N, O, Ó og P,

eiga þar að standa hjá.
R, S, T, U, Ú, V næst,
X, Y, Ý svo Þ, Æ, Ö.
Íslenskt stafróf er hér læst
Í erindi þessi skrítin tvö.

Bókstafirnir C og Z eru taldir með í stafrófinu í verkefnabók þar sem þeir koma fyrir í íslenskum mannanöfnum, dæmi: Camilla, Cýrus, Cesil og Zóphanías.

Orðin í stafrófsröð:

ananas
annarlega
augljóslega
ánetjast
baðs
bakarí
brúðartertu
eiturlyf
ekki
feðra
fermingarkaka
fiskinn
fíll
fjölmiðill
frestunar
fæla
geimfari
heilmikil
hjólatúr
hættulegur
kerling
lífmóðir
ljósmóðir
lyginn
magn
meta
minniháttar
minta
nágrenni
ókeypis
samskipti
sofandaháttur
stagl
stighækkandi
sýnishorn
tískusveiflur
ugla
upphaf
útskýra
útsýni
vanlíðan
önugur
öruggur
Öskjuhlíð

SPÁSSÍA Stysta og lengsta orð í íslensku?

Stysta orðið: í (fs.) og á (no./fs.) ó og æ (ao./uh.)

Lengsta orðið: Ekki er hægt að fullyrða um lengsta orðið í íslensku en lengi vel var talað um *Vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúr* og seinna:

Vaðlaheiðarvegavinnuverkfærageymsluskúrsútidyralyklakippuhringur.

21) Stafarugl. Lausnir eru m.a. þessar:

LSTR – listir – lestir

VRKFN – verkefni

STFRN – stafræn

NDLTSKRM – andlitskrem

GT – gát – geta – gæti – got – gat

VNGVLTR – vangaveltur

HJLBRTT – hjólabretti

NN – einn – enn – Anna – unna – önn – ann

STRKTRSJÐR – styrktarsjóður/-ir

SSS – suss – sussa – Sissa – Sossý – Sissa

MLFRÐRGLR – málfræðireglur

22) Stafarugl. Margar lausnir, m.a. þessar:

E-U = eru – Ellu – Elsu – elsku – Evu – Erlu – veru – beru – greru – sneru

Ö-U = Önnu – ömmu – könnu – pönnu – Hönnu – Nönnu – sönnu – grönnu

AU-U = augu – auðu – aumu – ausu – klausu – lausu

É-Ó = féló – tréfót – hélótt

A-Ó = kaskó – kakó

Á-A = ála – skála – áma – gáma – háma – lána – bjána – slána – kjána – trjánna – Stjána

A-E-U = framsettur – landlegur – andlegur – laglegur – glaðlegur – vasklegur – faglegur

Aukaverkefni

- Stafabrengl: Nemendur prófa að brengla stöfum innan orða í einföldum texta, t.d. stjörnuspá eða stuttri frétt og láta bekkjarfélaga lesa. Geta þeir lesið í gegnum textann? Hvaða reglu þarf að hafa í huga þegar stöfunum er ruglað?
- Stafabrengl: Nemendur finna sjálfir löng og flókin orð sem erfitt er að lesa úr þegar búið er að fjarlægja sérhljóðana.
- Orðabók bekkjarins: Verkefni sem kennari stýrir til að koma orðavinnu af stað. Kennari les upp texta að eigin vali. Allir skrá niður orð sem þeir skilja ekki eða eru forvitnir um. Að lestri loknum er þess gætt að allir nemendur hafi orð til að vinna með skv. hugmyndum um orðabókarvinnu.
- Brandarabók bekkjarins**:** Nemendur byrja á því að skiptast á bröndurum og ræða hvað góður brandari þarf að innihalda. Hvað gerir brandara góðan? En slæman? Af hverju hlæjum við líka að bröndurum sem eru hálfslappir? Og af hverju hlæjum við líka að bröndurum sem eru siðferðislega vafasamir? Jafnvel þótt við vitum að efni þeirra sé óviðeigandi? Að þessu loknu taka allir til við að semja sína eigin brandara og lesa þá upp. Einnig má finna og skrifa niður nokkra af sínum uppáhalds bröndurum. Gott er að safna öllum bröndurum í sérstaka úrklippubók þar sem hver og einn merkir sinn brandara með nafni og í lok vetrar er vel hægt að velja besta brandarann (og jafnvel þann versta líka).
- Veggspjöld með málsháttum bekkjarins: Hópverkefni þar sem nemendur skrifa eigin málshætti upp, myndskreyta þá og setja á veggspjöld. Þannig fá allir að sjá málshættina og njóta þeirra.

Ítarefni

Orðaleikir og sköpun

- Íslenskuvefur Mjólkursamsölunnar: http://www.ms.is/Islenska/
- Leikjavefur Ingvars Sigurgeirssonar: http://www.leikjavefurinn.is/index.php?f=leikir&n=3
- Íslenskir málshættir: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/dagurisltungu_2010.pdf
- Ýmis heilabrot: http://heilabrot.is/
- Bókagerð á netinu: http://www.pimpampum.net/bookr/
- Myndrænt blogg á netinu: http://www.glogster.com/
- Stafamyndir þar sem glögglega sést hversu myndrænt tungumálið er. Gaman að horfa á saman, með hljóði: Bembos Zoo http://www.youtube.com/watch?v=EPY-FZT9ME8
- Lestraraðferðir
- Á vef Námsgagnastofnunar Í dagsins önn eru margir ólíkir textar sem hægt er að nýta í lestraræfingar.

2. kafli – Mikill er máttur tungunnar!

Í þessum kafla er lögð áhersla á að tungumálið sé órjúfanlegur hluti af allri okkar tilvist; að við kunnum það þess vegna afar vel en alltaf sé gott að bæta við þekkingu og færni með ýmsum leiðum. Við drögum athygli nemenda að því að vönduð notkun á tungumálinu (t.d. hvað varðar stafsetningu) sé mikilvæg til að mark sé tekið á manni í samfélaginu og að málfræði sé ekki eitthvað fyrirbæri sem kennarar fundu upp heldur þvert á móti mynstur og innbyggðar „reglur“ sem er að finna í tungumálinu og byggingu þess.

Spennandi nálgun er að nota hvert tækifæri til að fá nemendur sjálfa til að rannsaka texta og orð og finna út þessar „reglur“ tungumálsins; fá nemendur til að skilja að „reglurnar“ ERU tungumálið.

Hugtakið vald er einnig alltaf nærri, bæði vald okkar til að hafa áhrif í samfélaginu og einnig vald annarra yfir okkur og líðan okkar. Orð hafa mjög mikil áhrif, þótt ekki sé beinlínis fjallað um það dags daglega, t.d. í einföldum hlutum eins og fallegum og kærleiksríkum orðum og ljótum orðum sem látin eru falla í samskiptum á milli einstaklinga. Markmiðið er að nemendur geri sér rækilega grein fyrir því að hvert einasta orð hefur mikil áhrif.

Textabók

Eitt meginþema bókarinnar er að allt beri merkingu og allir hlutar verks séu ómissandi fyrir heildarupplifunina. Gott og skýrt dæmi um þetta eru teiknimyndasögur eins og Grettir án Grettis (Garfield Minus Garfield). Hugmyndin er sáraeinföld: Að fjarlægja Gretti úr öllum römmum myndasagnanna um hann. Sjá á http://garfieldminusgarfield.net/

Í textabókinni á bls. 31 er dæmi um myndasögu þar sem búið er að fjarlægja einn hluta úr heildinni, þ.e. hundinn í bandinu. Sjá mynd.



Verkefnabók – lausnir

1) **Hópverkefnið** *Draumur í dós!*

- Mikilvægt er að tilkynna með góðum fyrirvara að hópverkefni sé í vændum og hvers eðlis það er. Áður en farið er af stað er gott að nemendur hafi fengið tíma til að velta fyrir sér:
- hvernig neysluvöru þeim finnst bráðvanta á íslenskan markað
- auglýsingum, slagorðum, umbúðum og vörumerkjum og hvað einkennir hvert atriði fyrir sig
- hvernig verkefnaskilum á að vera háttað, t.d. munnleg skil, gera líkan og sýna og segja frá, myndband, útvarpsauglýsing, dagblaða-/tímaritaauglýsing o.fl.
- námsmati – hvernig verður vinnan og verkefnið metið?

Hugmyndir að námsmati eru:

- Sjálfsmat – hvað lærðirðu nýtt, hvað var erfiðast, hvað var auðveldast, hvernig gekk í heildina, hvert sóttirðu hugmyndir og upplýsingar, frumkvæði, vinnusemi o.s.frv.
- Jafningjamat – virkni, hugmyndavinna, samstarf o.fl.
- Kennaramat – meta virkni nemenda, ferlið og afraksturinn.

2–4) Bréfið er vísvitandi mjög ýkt til að vekja athygli á hversu miklu máli skiptir að vanda ritun og framsetningu ef texti á skila sér til móttakanda. **Markmiðið er í raun að særa málkennd nemenda** og fá þá til að skilja að jafnvel þótt þeir séu ekki mikið að pæla í réttu máli og réttri stafsetningu í dagsins önn er þeim alls ekki sama um málið þegar upp er staðið. Það finna allir sem lesa þetta bréf – fegurðarskynið truflast!

Þess vegna er nær allt athugavert við bréfið; stafsetning, málfræði, setningaskipan og málfar. Nemendur þurfa því að hafa öll þessi atriði í huga þegar þeir endurskrifa bréfið en þeir gætu þurft að skipta út orðum, sleppa eða bæta við. Hugmyndin er að þeir reyni að halda sig sem mest við bréfið en það er ekki gerlegt allstaðar svo vel sé.

Nemendur geta nýtt *Skriffinn* til að finna þær reglur sem eiga við undirstrikuðu orðin.

styðstan = stystan, stofninn er stutt, sem verður styst

fult = fullt, stofninn er full

villt = vilt, stofninn er vil

hrindu = hringdu, stofninn er hring

síman = símann, minn/mín reglan í greini

6) Til að koma nemendum á sporið má nota einföld dæmi:

– hvítt, fljótandi, kalkríkt, til að drekka (mjólk)

– appelsínugult, kringlótt, safaríkt, vítamínríkt (appelsína)

– bleikt, fljótandi, óhollt, notað með öðru (kokteilsósa/hamborgarasósa)

Og ef á að færa listann út fyrir ísskápinn:

hvítt, hreinsar eitthvað hvítt og hart sem notað er til að bíta með (tannkrem)

hvítt, kornótt, þvær (sápa, uppþvottalögur, þvottaefni, sjampó)

dökkt, fljótandi, fullorðnir drekka heitt (kaffi)

9) Hlutlæg orð: fiskar, tónlistarmenn, fólki.

Huglæg orð: sköpunargáfu, starf, listum, ljóðlist, bókmenntum, kvikmyndir, áhuga, náttúrunni,_umhverfisvernd, trúarbrögðum, vettvangi, ánægju, draumlyndi, vonbrigði, lífinu, lífssýn, sviðum.

10) Til að kveikja áhuga nemenda er sniðugt að lesa stjörnuspá dagsins fyrir bekkinn.

Til umræðu: Hvaðan koma stjörnuspár? Til hvers eru stjörnuspár? Hverjir semja stjörnuspár? Eru stjörnuspár vísindi eða dægradvöl?

Afurðir verkefnisins er t.d. hægt að nota í framsögn, nemendur lesa upp **sína stjörnuspá**, t.d. einn nemandi á dag eða eitt merki á dag. Eins er hægt að safna öllum stjörnuspánum saman og búa til stjörnumerkjabók/bækur eða veggspjöld.

11) gestur, armur

12) *höfundur* -ar, -ar, *hnífur* -s, -ar, *nál* -ar, -ar, *rós* -ar, -ir, *tré* -s, -, *land* -s, lönd.

SPÁSSÍA Hér er gott að vekja athygli nemenda á því að þessi orð (systir, móðir, bróðir, faðir, fé, fjörður, ær og kýr) tilheyra beygingarflokki sem tiltölulega fá orð falla undir og því er tilhneigingin sú að fallbeygja þau skv. algengari beygingarflokkum.

14) Eintöluorðin: miðnætti, ánægjan, leiti, bakkelsi, mjólk, hveiti, sykri, fjáröfluninni, spenningurinn, upplifun, gulli, silfri, bronsi (málmtegundin gull er eintöluorð en sem leikfang getur gull staðið í báðum tölum).

Fleirtöluorðin: buxunum, jólin, feðga, hjólbörur, dyrum, herðar.

Orð sem geta staðið í báðum tölum: koddann, daginn, skrokkinn, pabbi, dag, hús, nágrönnunum, skrauti, smákökur, sortum, morgun, ferðalagið, hornið, hvirflinum, tærnar, bakið, verðlaunapening.

Ath. orðið *leiti* getur staðið í báðum tölum en í þessu orðasambandi er það þó alltaf í eintölu.

15) Hér liggur beint við að skipta út nafnorðum og lýsingarorðum og því gott að benda nemendum á möguleikana að finna líka samheiti fyrir sagnorð og atviksorð.

Aukaverkefni

- Rétt og röng stafsetning. Nemendur nota einfaldan texta (úr námsbókum, lestrarbókum, dagblöðum) og skrifa upp, með nokkrum stafsetningarvillum. Skiptast á við bekkjarfélaga og láta þá finna villurnar og leiðrétta. Við svona verkefni þarf að vanda val á orðum sem eru stafsett vitlaust, nemendur þurfa sjálfir að átta sig á villunni sem þeir gera og þekkja stafsetningarregluna sem gildir um ritun orðsins.
- Veggspjaldagerð – hópverkefni: Nafnorð og einkenni þeirra. Hver hópur fær úthlutað ákveðnum málfræðiatriðum sem þeir útfæra á veggspjald. Hægt er að taka fyrir kyn, tölu, fall, greini, eintölu-/fleirtöluorð og huglæg/hlutlæg orð. Seinna meir er hægt að vinna ámóta verkefni fyrir aðra orðflokka og til að auðkenna hvern flokk er gott að grunnlitur hvers orðflokks sé hinn sami (t.d. no. rauð, so. blá o.s.frv.).
- Kenniföll. Nemendur búa til bullorð, helst í öllum kynjum og æfa sig að fallbeygja þau. Hvernig fallbeygjast þau? Fallbeygjast þau eins og einhver önnur orð sem þeir þekkja? Verkefni sem þetta gæti auðveldað nemendum að átta sig á að í raun eru aðeins fáir beygingarflokkar nafnorða og fjölmörg orð fallbeygjast eftir reglunum sem nemendur kunna.

Ítarefni

- Athyglisverðar auglýsingar: http://creativecriminals.com/
- Þumalfingursreglur við auglýsingagerð: http://www.wikihow.com/Create-an-Advertisement
- Fyrir hljóðvinnslu (auglýsinga): http://audacity.sourceforge.net/
- *Málbjörg* Svanhildar Kr. Sverrisdóttur, glærur með orðflokkum, málsháttum o.fl.: http://vefir.nams.is/malbjorg/index.html

3. kafli – Fjölmiðlar eru læsilegir

Hér er haldið áfram að fjalla um mátt tungunnar og sjónum beint að því hvernig fyrirsagnir stýra því hvernig við lesum og hvað við lesum. Með því að draga athygli að því hvernig við lesum fjölmiðla (hratt og grunnt) er einnig byggt undir þá hugmynd að það sé nauðsynlegt fyrir okkur **að taka ákvörðun** um að gerast betri lesendur og fylgja þeirri ákvörðun eftir með því að hafa augun opin.

Í kaflanum er einnig vikið að vinnulagi vetrarins sem felst í að blanda læsi og greiningu saman vi*ð ritun með því að nemendur skrifi sjálfir* fréttir út frá skemmtilegum fyrirsögnum. Þar er upplagt að kynna til sögunnar ólík málsnið og uppbyggingu frétta, skoða hvernig texti getur verið hlutlaus og hvernig hann getur orðið gildishlaðinn með tiltekinni orðanotkun og velta fyrir sér samheitum, orðaforða og margræðni orða.

Verkefnabók – lausnir

Nokkur verkefni í seinni hluta kaflans kalla á vinnu með dagblöð, tímarit og auglýsingabæklinga og því nauðsynlegt að safna vel af þeim í tæka tíð. Nemendur þurfa að hafa skæri og lím.

1) Hér er ekkert eitt svar rétt þar sem nemendur eru að leika sér að geta í eyður. Upprunalegu fyrirsagnirnar eru hér, allar raunverulegar af fréttavefjum:

Grænlendingur ræðst á mann.

Látnir kyssa svínshaus.

Stóð út á svölum og hrópaði nakin.

Hópurinn sem fer til Noregs er klár.

Magnús gleymdist í athugasemdum.

Kattapartý vekur heimsathygli.

Skalf eftir skilnaðinn.

3) Markmiðið með þessum tveimur textum er að sýna nemendum hvað fornöfn gera frásögn einfaldari og þjálli. Í textanum vinstra megin leynast fáein fornöfn því valin var sú leið að umskrifa ekki setningarnar til að losna við öll fornöfnin heldur láta þau standa og vekja athygli nemenda á hversu nauðsynleg þau eru til að mynda réttar og þjálar setningar.

7) Í þessar fyrirsagnir vantar fornöfn/nafnorð.

8) Í þessar fyrirsagnir vantar sagnorð.

9–11) Nemendum verður að gefast kostur á að birta eða flytja verkefnin sín, t.d. er hægt bjóða þeim að velja eitt af þremur verkefnum til að lesa upp fyrir bekkinn.

12–16) **Hópverkefni**

Hér er hugmyndaflug, sköpun og leikur með tungumálið meginmarkmiðið. Hver hópur getur safnað saman öllum verkefnunum og sett saman í auglýsingabækling.

Til umræðu: Hvað þurfa nemendur að hafa í huga þegar þeir semja auglýsingu? Hvað er það í auglýsingum sem vekur athygli? Er það letur? Myndir? Litir? Slagorð? Verð? Vara? Húmor? Vörumerki? Allt þetta? Eitthvað annað? Eru auglýsingar ólíkar eftir því hverjum þær eru ætlaðar, t.d. fullorðnum, börnum, unglingum, konum eða körlum? Eru þær ólíkar eftir því hvort þær eru birtar í dagblöðum eða í auglýsingabæklingum?

17) sund – synda, grjót – grýta, brú – brýr, hryllingur – hrollur, draumur – dreyma, frost – frysta, austur – eystri, sjúkur – sýki, þjófur – þýfi, loka – lykill.

18) Merkingu þessara orða er að finna í *Skriffinni* bls. 49–51.

Aukaverkefni

- Allir nemendur fá sömu tvær fyrirsagnirnar og semja örsögur eða ljóð út frá þeim.
- Hægt er að safna afrakstri þessa ritunarverkefnis saman og láta nemendur „gefa út“ kver með því að klippa, líma og ljósrita.

Ítarefni

- Uppsetning umbrotsmanna í fjölmiðlum getur stundum verið pínleg og skondin en stundum hreint og beint hræðileg: http://vefblod.visir.is/index.php?netpaper=2114
- Um áhrif auglýsinga: Heimildarmyndir Jean Kilbourne sem heita Killing Us Softly. Þær er hægt að finna með auðveldum hætti á YouTube.

4. kafli – „Ég skal sko segja þér ... “

Í þessum kafla reynir á lestur bókmenntatexta og að rýna samhliða í þau bókmenntafræðilegu hugtök sem upp koma í tengslum við slíkan lestur. Því verður örlítil áherslubreyting eða breyting á tón í textabókinni sem vert er að gefa gaum.

Lesinn er fyrsti kafli úr fyrstu bókinni um Elías og er hann reglulega brotinn upp með vangaveltum og vísbendingum um það sem taka skal eftir eða upp í kollinn getur komið við lesturinn. Þetta er gert til þess – í rauninni – að kenna bókmenntalestur og þá list að taka almennilega eftir meðan á lestri stendur.

Kennarar eru því hvattir til að nýta þessi uppbrot vel og bæta við út frá eigin brjósti til að koma að frekari fróðleik og tryggja að nemendum sé ljóst hvað átt er við.

Elías fjallar um hugarheim og raunveruleika barns gagnvart fullorðinsheimi. Hann sem sögumaður ræður förinni og virkar í raun oft miklu þroskaðri, sterkari og klárari en foreldrar hans og aðrir fullorðnir. Fjölmargar aðrar bækur er hægt að nota til að bera saman við Elías að þessu leyti, t.d. bækurnar *Óvitarnir* og *Páll Vilhjálmsson* eftir Guðrúnu Helgadóttur, *Lotta og Lína langsokkur* eftir Astrid Lindgren, *Fíasól* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og *Matthildur* eftir Roald Dahl.

Verkefnabók – lausnir

1) Greindur: gáfaður, glöggur, klár, skýr, vitur, vel gefinn.

Meinfyndinn: mjög fyndinn, hnyttinn og (dálítið) neyðarlegur í senn.

Kaldhæðinn: háðskur, napur og kuldalegur í háði sínu.

Venjulega: vanalega, almenna, hversdagslega.

Stöðugar: sífelldar, stöðugar, sem vara lengi.

Margvíslegar: margskonar, af ýmsu tagi.

Hlægilegir: sem vekja hlátur, spaugilegir.

Kjánaleg: heimskuleg, bjálfaleg.

Skemmtilegasta: veitir mesta skemmtun, gleði

Fullorðinslegur: sem líkist fullorðnum manni.

Jarðbundinn: tengdur jarðneskum hlutum og viðhorfum.

Raunsær: sem byggir á reynslu, tilraunum.

3)

útlit	**skapgerð**	**hæfileikar**	**fas**
dökkhærð	glaðvær	lagviss	sorgmæddur
handstór	örg	útsjónarsöm	prúður
herðabreiður	skynsöm	fótafimur	dreyminn
tileygð	illgjarn	listræn	
lágvaxin	grobbin	hraðlæs	skuggalegur
innskeifur	kjarkmikil	snöggur	
	tillitssamur		
	félagslyndur		
	viljasterk		
	samvinnuþýð		
	trúgjörn		

4) Líkingarorðin geta m.a. verið þessi:

sjóðheit, eldheit, funheit

sótsvartur, kolsvartur, biksvartur, hrafnsvartur

náföl, hrímföl, gráföl, fölbleik

himinbjartur, himinblár, himinglaður, himinlifandi

grjótharður

snjóhvítur

eldrauður, dökkrauður, ljósrauður, rósrauður

hjartahlý, sólhlý

5) sauðþrá(r) – sauðheimsk(ur) – kýrskýr – fílsterk(ur) – lúshæg(ur) – svínfeit(ur) - Ljónsterk(ur) – ljóngáfaður/-gáfuð

6) lo. rauðglóandi – rauðbirkin(n) – rauðeygð(ur) – rauðhærð(ur) – rauðröndótt(ur) – dökk-rauð(ur) – ljósrauð(ur) o.fl.

no. rauðnefur – rauðkál – rauðrófa – rauðvín o.fl.

7) Arnar er montinn, grobbinn, drjúgur, hrokafullur, sjálfumglaður, sjálfshælinn.

Brynja er bjartsýn, vonglöð, vongóð.

Daníel er hláturmildur, hláturgjarn, glaður, glaðlyndur, glaðvær.

Elfa er hreinskilin, opinská, afdráttarlaus, einlæg, falslaus.

Helga er ráðrík, frek, stjórnsöm, yfirgangssöm.

Pétur er staðfastur, áreiðanlegur, óhvikull, viljafastur, öruggur, traustur.

Ragnar er góður, blíður, vinsamlegur, ljúfur.

Samúel er óþolinmóður, óþreyjufullur, bráðlátur, fljótfær, ákafur, hvatvís.

Unnur er tónelsk, lagvís, músíkölsk.

Þóra er kurteis, prúð, hæversk, hógvær, siðprúð.

8) Til umræðu: Hvaðan koma gildishlaðin orð um unglinga? Hverjir viðhafa helst neikvæð orð um unglinga? En jákvæð? Eru það ákveðnir hópar fólks? Við ákveðnar aðstæður? Hvað með unglingana sjálfa? Hvernig tala þeir um jafnaldra?

10) hávær = lágvær, þögul, hljóð, hljóðlát

iðinn = latur, duglaus, sérhlífinn

vantrúuð = trúgjörn, auðtrúa

sjónvarp = útvarp

glaður = leiður, fúll, svekktur

dimm = björt, ljós, skínandi, skær

hávaxin = lágvaxin, lítil

andstæðingur = stuðningsmaður, liðsmaður

töffari = lúði

níska = gjafmildi, örlæti

11) sparsamur maður – nískupúki – nirfill

hægur – framtakslaus – latur

grönn – rýr – horuð

svangur – hungraður – soltinn

grátur – vol – hrín

horfa– stara – góna

ásjóna – andlit – fés

hús – kofi – hjallur

fróðleiksfús – forvitin(n) – hnýsin(n)

munnur – gin – kjaftur

gæðingur – fákur – bikkja

14) greind – greindari – greindust

venjulegur – venjulegri – venjulegastur

gott – betra – best

skrýtin – skrýtnari – skrýtnust

gamall – eldri – elstur

margvíslegar – margvíslegri – margvíslegastar

15) Mjög = afar, afskaplega, alveg, ákafa, ákaflega, býsna, drjúgt, dæmalaust, einkar, einstaklega, feikilega, feikna, firna, fjarska, fjarskalega, framúrskarandi, frábærlega, frámunalega, furðu, furðulega, geipilega, geysilega, gífurlega, glettilega, gríðarlega, gróflega, heldur, hryllilega, ofboðslega, ofsalega, ofur, ógnar, ógurlega, óskaplega, ósköp, óstjórnlega, óttalega, óumræðilega, rosalega, sérdeilis, sérlega, sérstaklega, skelfilega, stórlega, svakalega, tiltakanlega, voða, voðalega, yfirmáta, yfrið, ýkja, ýkt, *æði*, ærið, öldungis.

17) Í þessu verkefni dugar ekki að nota aðeins eitt orð til að lýsa svipbrigðum barnanna. Í stað þess að láta duga að segja *Hann er leiður* væri hægt að segja *Hann horfir niður og virðist mjög leiður, (sorg)mæddur til augnanna, munnvikin dálítið niðurdregin og eiginlega með smá fýlustút.*

Hver er munurinn á viðurnefni, gælunafni og uppnefni?

Viðurnefni geta bæði verið jákvæð og neikvæð og verða til af ólíku tilefni:

a) Vegna einhvers atburðar, sbr. þessi frásögn: Sigurður Guðmundsson á Ísafirði átti eitt sinn von á skyrtunnu innan úr Djúpi og þegar Djúpbáturinn lagðist að bryggju var ákafinn svo mikill að hann stökk um borð og ofan á tunnuna og þar á kaf. Alltaf síðan kallaður Siggi „skyrlöpp“[1]

b) Önnur viðurnefni vísa í starf viðkomandi, sbr. Siggi stormur (veðurfræðingur).

c) Enn önnur vísa til fjölskyldu viðkomandi, s.s. Siggi Mæju Jóns (Siggi sonur hennar Mæju Jóns).

d) Og síðan eru þau viðurnefni sem vísa til hæfileika fólks eða útlits, sbr. Ari fróði, Ólöf ríka, Guðmundur góði, Gústi tönn og Gunna stöng.

Uppnefni teljast líklega sem viðurnefni en þau einkennast oftast af því að vera neikvæð, s.s. Hanna halta, Sigurjón digri, Jón stutti o.s.frv.

Gælunöfn eru jafnan stytting á eiginnafni og notuð dagsdaglega – Guðrún = Gunna.

18. *Skriffinnur* bls. 33–34.

Aukaverkefni

- Viðurnefni. Nemendur finna viðurnefni á bekkjarfélaga sína. Það er ein mikilvæg og skýr regla og hún er sú að viðurnefni verða að vera jákvæð og vísa til hæfileika viðkomandi. Kannski hjálpar að tengja viðurnefnin áhugamálum og tómstundum sem eru lýsandi fyrir nemendur? Hvað er hægt að kalla þann sem er góður í fótbolta? En þau sem eru góðir tónlistarmenn? Flink á skíðum? Góð að teikna?
- Þetta verkefni getur verið eldfimt og því þarf að tryggja að nemendur fylgi reglum um jákvæð viðurnefni sem tengjast hæfileikum en ekki t.d. útliti.

Ítarefni

- Um persónulýsingar í ritunarverkefnum má finna fjölda dæma og verkefna í *Ritunarbókinni* sem Námsgagnastofnun gaf út 2006.
- Frásagnir af gælunöfnum: http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_nefnir_KW

5. kafli – Þrautir úti í mýri, álög inni í stýri (ha?)

Í fimmta kafla er ævintýrið lesið með sama uppbroti og bókmenntatextarnir – við drögum fram í sviðsljósið hvernig upplýsingarnar bæta við myndina sem birtist í gegnum frásögnina. Ævintýri er saga sem styðst rækilega við staðalmyndir en auðvitað eru það frávikin frá staðalmyndunum sem gefa hverju ævintýri gildi sitt.

Stærsta atriðið í tengslum við ævintýri er að jafnvel þótt innihald þeirra sé klisjukennt verður hvert ævintýri einstakt með hverri einustu frásögn. Besta leiðin til að skilja þetta er að fá nemendur sjálfa til að skrifa örævintýri sem byggist á eins klisjukenndum forsendum og hugsast getur (sjá verkefni textabók bls. 67).

Textabók – lausnir

Vísbendingar fyrir sakamálaþraut á bls. 69–71

1. Ása, Signý og Helga. Skyldu þær ekki tengjast?
2. Gísli stytti sér aldur. Eignaðist hann afkomendur?
3. Eggert var Hansson. Hver var faðir hans?
4. Hefnd. Skyldi hún ráða ferðinni hér?

Veistu svarið við spurningunni út frá þessum vísbendingum? Í fyrstu vísbendingunni er einmitt að finna vísun í ævintýrið – hvernig tengjast þessar konur? Í annarri vísbendingu – er einhver persónan Gíslason eða Gísladóttir? Í þriðju vísbendingu ræður orðaleikur för – hvað felst í nafninu? Í fjórðu vísbendingu er vísað í líf og störf Jóns – gæti einhver viljað hefna sína á honum?

Hér þarf að aðstoða nemendur við að leysa úr þrautinni án þess að kíkja á lausnina – reyna að virkja rökhugsunina hjá þeim og lesa vandlega í vísbendingarnar.

Lausn á sakamálaþraut

Sökudólgarnir eru (eins og Herkúles vissi): Allir.

Jón var myrtur þrisvar, ef svo má segja, og það var tilviljun ein að allar tilraunirnar voru gerðar sama kvöldið. Í matnum var hægvirkt eitur og hann hefur þegar verið látinn, af völdum þess eða eitursins í viskíinu, þegar hann var skotinn.

Ása og Helga Helgadætur unnu í eldhúsinu. Þær voru systur Signýjar, eiginkonu Jóns, og eitruðu mat hans til að hefna fyrir dauða systurinnar.

Hinir morðingjarnir eru annars vegar Páll Gíslason, sonur Gísla þess sem stytti sér aldur vegna dómsins sem Jón hafði kveðið upp yfir honum og var að hefna föður síns, og hins vegar hálfbræðurnir Eggert Hansson (sem var „Hansson“ vegna þess að faðir hans hafði ekki gengist við honum) og Seifur Jónsson (Jón hefur sem sagt fengið sitt fram í hjónabandinu, að láta soninn heita eftir gríska guðinum sem hélt uppi lögum og reglu meðal guðanna). Synirnir voru að hefna fyrir meðferðina á sér og mæðrum sínum. Annar hefur þá framkvæmt verknaðinn en hinn verið með í ráðum. Hvort þessir þrír karlmenn voru þjónar eða klúbbfélagar skiptir ekki máli. (Það var auðvelt fyrir hvern sem er að lauma eitri í drykk Jóns, sem sat og las blaðið sitt, og sömuleiðis var auðvelt að skjóta hann (hljóðdeyfir hefur að líkindum verið notaður) gegnum dagblaðið.)

Jón hefur væntanlega ekki haft hugmynd um hvaða fólk þetta var, enda hafði hann ekki séð skilgetinn son sinn árum saman og þann óskilgetna aldrei. Konurnar unnu í eldhúsi klúbbsins og sáust aldrei frammi, svo að Jón hefur líklega ekki haft hugmynd um að mágkonur hans fyrrverandi ynnu þarna. Páll Gíslason er algengt nafn og dómarinn hefur ekki séð neina ástæðu til að tengja hann við neitt af þeim málum sem hann hafði kveðið upp dóm í.

Morðtilraunirnar voru sem sagt þrjár, tveir voru um tvær þeirra en einn um þá þriðju.

Verkefnabók – lausnir

4) Embla var ekki almennilega með hugann við skákina, enda tefldi hún í fjórða skipti við afa sinn þennan sama dag. Afi hafði þann háttinn á að hann kenndi henni fyrst manngangin og tengdi svo saman ýmsar fléttur, skákbyrjanir og bolabrögð sem hann beitti svo á Emblu, án nokkurrar miskunnar. Enda var afi skákmeistari af lífi og sál; ekki einhver sem hengdi haus og yggldi brýnnar þegar í harðbakkann sló og andstæðingurinn lék hyggilega.

Embla lygndi aftur augunum og lét hugann reika að skólanum og önninni framundan. Hún hugsaði um það hvernig allt hékk á sömu spýtunni; hvernig námsframvindan byggði á því að hún ynni jafnt og þétt án þess að gefast upp.

6) Punktur og spurningamerki á eftir málsgrein og á undan gæsalöppum í lok setningar.

Gæsalappir á undan og eftir beinni ræðu.

Tvípunktur á undan beinni ræðu.

Komma er höfð í upptalningu, endurtekningu og til að afmarka ávörp og upphrópanir. Í beinni ræðu er komman sett til afmörkunar þegar punkt, upphrópunarmerki eða spurningarmerki vantar í beinu ræðuna. Sjá nánar á bls. 26–30 á: http://www.arnastofnun.is/solofile/1011129

7) Ragnar sagði að það væri gott veður úti.

Þú sagðir að þig langaði í fótbolta.

Sara hrópaði hátt að þetta væri skemmtilegt.

Hann sagðist ekki nenna að leika.

Lögregluþjónninn spurði hvar hjálmurinn þinn væri.

8) Jón sagði: „Kakan er góð.“

Ég spurði: „Ertu hress?“

Þau sögðu: „Við megið koma.“

Edda sagði: „Bækurnar eru spennandi.“

Hugmynd að umræðum: Hvaða áhrif hefur mismunandi tónfall? Hvaða tilfinningar getur mismunandi tónfall túlkað? En kallað fram? Hverju viljum við ná fram með mismunandi tónfalli?

11) *Málfinnur* bls. 24–25.

13) Brenna – brenndi – brennt, veik beyging. Gerandinn er sá sem brennir: Ég brenndi matinn, hún brenndi brýrnar að baki sér.

Brenna – brann – brunnum – brunnið, sterk beyging. Gerandinn brennur: Húsið logar, húsið brann í eldi, hann brennur af ást.

14) Áskorunin í þessu verkefni felst í því að nemendur verða að finna taktinn (telja atkvæðin) og halda honum í sinni útfærslu og sama gildir um rímið. Auk þess auðveldar það flutning (söng, lestur, rapp eða hvað sem er).

Lagið um það sem er bannað:

Jónsi í Svörtum fötum syngur:

http://www.youtube.com/watch?v=zMwONMYIsXo

Myndband eftir nemendur: http://www.youtube.com/watch?v=6326g7jk2_Y

Nýr texti Spaugstofumanna: http://www.youtube.com/watch?v=i3rGTVPSi2g

Nýr texti e. Rögnu Ólöfu Guðmundsdóttur: http://www.freewebs.com/madnessa_way/lyricslj.htm#112300900

15–17) Til umræðu: Hvaða máli skiptir að skapa sögusvið í sögum? Hvaða áhrif hefur það á söguna sjálfa? En lesendur? Hvað með sögusvið í bíómyndum og sjónvarpsþáttum? Skiptir það máli? Hér er gott að benda á sögusvið, t.d. í *Harry Potter*, *Star Wars*, *Hungurleikunum*, *Batman* o.fl. þekktum sögum eða kvikmyndum. Hverju hefði það breytt ef sögusvið *Star Wars* væri neðansjávar? En ef Hogwart-skóli væri á Vatnajökli? Megináherslan er þessi: Allt í sögusviði, tíma og frásagnartækni hefur merkingarbær áhrif á lestur okkar eða sjónræna upplifun.

19–20) Til umræðu: Af hverju hafa starfsheiti verið að breytast á undanförnum árum? Hvaða starfsheiti dettur nemendum í hug sem hafa ekki breyst en mættu eða þyrftu að breytast út frá jafnréttissjónarmiði? Af hverju verða kvenlæg starfsheiti að karlkynsorðum (málfræðilega) sbr. kennslukona varð kennari? Af hverju eiga konur að bera karlkynsstarfsheiti en ekki öfugt, sbr. fóstra varð leikskólakennari en kona sem gegnir embætti á Alþingi er ýmist titluð þingmaður eða ráðherra?

Lausn við gátu um skurðlækninn á bls. 50

Svarið við gátunni um skurðlækninn er auðvitað: Skurðlæknirinn var kona og ungi pilturinn var sonur hennar.

Aukaverkefni

- Nemendur gera myndband við eigin texta í tengslum við vinnuna um *Lagið um það sem er bannað*.
- Nemendur semja rökfærslutexta um bönnin í textanum, með og á móti, og halda stutta ræðu.
- Sameiginleg ævintýra-/sögugerð. Látið blað ganga þar sem efst hefur verið skrifað: *Einu sinni var …* Brjótið upp á blaðið, látið næsta nemanda fá sem heldur áfram með ævintýrið og að lokum er það lesið upp. Ræðið hvernig tókst að halda í ævintýrið með þessari aðferð. Skapaðist upphaf, miðja og endir? Inniheldur þetta ævintýri dæmigerðar persónur eða aðstæður?

Ítarefni

- Þjóðsögur og ævintýri í stafrófsröð á netinu: http://www.snerpa.is/net/all-tjod.htm
- Kvikmyndirnar um Shrek en í þeim er fjölmörgum ævintýrum blandað saman.
- Um sögusvið í ritunarverkefnum má finna fjölda dæma og verkefna í *Ritunarbókinni* sem Námsgagnastofnun gaf út 2006.
- Sögugerð í máli og myndum: http://storybird.com
- Skrifað í skrefum: leiðbeiningar og verkefni fyrir ævintýragerð: http://vefir.nams.is/skrifad/aevintyri2.htm
- Um sögu og merkingu mannanafna má finna í *Nöfn Íslendinga* eftir Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson. Bókina er m.a. að finna á http://snara.is/8/ .
- Mannanafnaskrá, heimil íslensk nöfn og þau sem hefur verið hafnað: http://www.island.is/islensk-nofn
- Frétt um vef til að auðvelda val á nafni barns: http://mbl.is/frettir/innlent/2012/08/03/audveldar_nafnaval_a_nyja_islendinga_3/

6. kafli – Fræðilegur lestur en ekki hræðilegur

Hér er meginmarkmiðið að þjálfa nemendur í því að lesa fræðitexta og námsefni með athygli. Því er mikilvægt að kennari haldi vel utan um aðferðafræðina – að nemendur beiti fyrst forlestri, svo lestri og að lokum eftirlestri. Þar með er ekki sagt að þannig þurfi maður alltaf að lesa en þegar kennari hjálpar nemendum að stíga út úr sjálfvirkri og grunnri textaskimun hversdagsins er þetta afar mikilvægt.

Eftirfarandi er gott að hafa í huga við vinnuna með fræðitexta:

- að skipta nemendum upp í pör til að vinna með textann.
- að fara vel í hugarkort – jafnvel vinna hugarkort með nemendum upp á töflu ef þeir hafa ekki gert það áður
- að hafa orðabækur tiltækar svo að nemendur geti flett upp á orðum sem þeir skilja ekki nógu vel
- að kenna nemendum þá aðferð að vinna prófspurningar upp úr námsefninu, t.d. hvernig semja á krossaspurningar með fjórum svarmöguleikum sem eru gjarnan þannig að einn möguleikann má auðveldlega útiloka og að tveir séu oft álíka og þar af annar sá rétti, hvernig spurningar þar sem para á saman atriði eru uppsettar, hvernig á að spyrja opinna spurninga sem kalla bæði á stutt og löng svör
- að þjálfa nemendur í að finna aðalatriði úr texta, t.d. með sameiginlegu verkefni uppi á töflu
- að nemendur skrifi aðalatriði og útdrætti með eigin orðum
- að bera saman mismunandi útdrætti frá nemendum – þeir eru ekki allir eins þótt þeir séu jafnvel með sömu aðalatriðin
- að nota tímarit í þessa vinnu, s.s. *Lifandi vísindi* og *Sagan öll,* texta af *Vísindavefnum* og ýmsar námsbækur.

Verkefnabók – lausnir

7) Réttur texti:

Menn verða að gera sér það ljóst, að það er líka hægt að spilla tungunni með leiðinlegum eða rangmynduðum orðum af alíslenzkum toga spunnum. — Eg nefndi orðið prentsmiðja, sem ætti að merkja smiðju, þar sem prent er búið til — eins og verksmiðja ætti að merkja smiðju, þar sem verk eru búin til. Bæði orðin eru vanskapningar. Þegar fótboltaleikur fluttist hingað til lands, báðu menn lærðan málhreinsunarmann að búa til íslenzkt orð yfir þennan leik, og þannig var orðinu knattspyrna nauðgað inn í málið. Í þessum leik er ekki leikið með knött, heldur hlut, sem fer ágætlega á að haldi heitinu bolti. Knöttur er gagnþéttur og þungur, það heyrir hver maður með óspillta heyrn á hljómi orðsins; bolti er léttur, það er loft innan í honum, það er líka auðheyrt á hljómi orðsins. Og í þennan bolta er ekki spyrnt, heldur sparkað — það er ekki spyrnt í hlut, nema hann veiti viðnám. Fótbolti er því ágætt orð. Vonandi á máltilfinning þjóðarinnar eftir að útrýma orðinu knattspyrna, eins og hún neitaði að taka við orðinu vindling í merkingunni sígaretta. Menn fundu, að vindlingur gat ekki verið annað en lítill vindill — og í þeirri merkingu er orðið sjálfsagt.[2]

Aukaverkefni

- Lestraræfing, að meðtaka texta. Nemendur lesa allir sama textann í hljóði. Að því loknu eru þeir paraðir saman til að endursegja hvor öðrum innihaldið í sameiningu. Hverju tókst þú eftir? Hver eru aðalatriðin?
- Að yfirfæra fræðilesturinn yfir á bókmenntatexta. Nemendur búa til krossapróf eða lesskilningspróf um bókmenntatexta og spurningar sem eru bókmenntalegs eðlis.

Ítarefni

- Lesskilningsæfingar á vef Námsgagnastofnunnar eru m.a. *Lesið til skilnings.* Fyrir þá sem eru skemmra á veg komnir og þá sem eru með annað móðurmál en íslensku er á sama vef að finna efnið *Frægt fólk* og *Hitt og þetta.*
- Hafsteinn Karlsson hefur útbúið fjölda verkefna um lestur, lesskilning og ritun og á heimasíðu hans er að finna tvö hefti: *Að lesa og skrifa* http://www.ismennt.is/not/hsteinn/index.htm og *Móðurmálsverefni* http://www.ismennt.is/not/hsteinn/modurmv/Ritunarverkefni%20-%20handb%C3%B3k.pdf
- Hugarkort á netinu: http://www.mindmeister.com/
- Sjálfsmat nemanda á lesskilningi: http://skolar.skagafjordur.is/lestur/GLsjalfsmatnem.pdf

7. kafli – Hvað á tungumálið að þýða?

Í þessum kafla er ætlunin að kveikja áhuga nemenda á eðli tungumála, uppruna þeirra og skyldleika. Skyldleikinn er nefnilega mjög mikill – og þótt hugtakið sé hvergi nefnt til sögunnar er þetta í raun kynning á orðsifjafræði, s.s. því hvernig orð eru skyld og hvað orðhlutar orða þýddu í upphafi.

Stuðst er við færeysku af nokkuð augljósum ástæðum – það er tungumál sem við þekkjum vel og vitum að er mjög skylt okkar eigin tungumáli, auk þess sem okkur finnst færeyska almennt svolítið skemmtileg því að stundum hljómar hún eins og grínútgáfa af íslensku. En það sem vill gleymast er að þetta gengur í báðar áttir – Færeyingar hlæja jafnmikið að okkar orðum og við að þeirra. Dönum finnst líka margt mjög fyndið í íslensku, t.d. þegar við segjumst ætla að fara undir sæng.

Meginmarkmiðið er að nemendur temji sér að skilja orð með því að brjóta það niður í hluta og reyna **að skilja samhengi þess innan tungumálsins.** Verkefnin í textabók, sem snúast um að skilja setningar á færeysku, eru hugsuð til að mæta þessu markmiði.

Inn í þessa umfjöllun er einnig blandað umræðu um nýyrðasmíð. Þegar nemendur eru hvattir til að smíða nýyrði (sérstaklega ef það er gert í tímapressu eða jafnvel einhvers konar keppni) kemur nefnilega í ljós að þekking þeirra á orðhlutum og virkni þeirra er mjög mikil. Að lokinni slíkri vinnu (þegar ótal nýyrði liggja fyrir) er upplagt að skoða með bekknum hvaða orðhlutaþekkingu nemendur notuðu.

Nýyrðasmíði er frábær afþreying

Góð leið til að fá nemendur inn í skapandi vinnu með tungumálið er að skapa aðstæður þar sem þeir eiga að búa til ný orð. Þar sýna nemendur og sanna fyrir sjálfum sér að þeir geta skapað á auðveldan hátt og á sama tíma sýna þeir fram á mikla færni í beitingu málfræði.

Nemendur fá skamman tíma (t.d. eina mínútu) til að vinna með fyrsta orðið, enda líklegast að útkoman úr fyrstu umferð geti orðið rýr (þetta er þó auðvitað mjög mismunandi eftir nemendahópum). Að tímanum loknum eru allar tillögur nemenda skrifaðar upp á töflu. Í annarri umferð er upplagt að gefa rýmri tíma (t.d. 2–3 mínútur) og þá er líklegt að tillögurnar verði fleiri og áræðnari.

Til að sýna fram á hversu gefandi þetta verkefni getur verið er í viðauka að finna lista nýyrða yfir orðin „kona“ og „unglingur“, sem kom út úr einnar mínútu vinnu unglingahóps úr tveimur grunnskólum. Tíminn sem nemendur höfðu til umráða var ein mínúta.

Textabók – lausnir

Bls. 91 **Benjamín dúfa eftir Friðrik Erlingsson á íslensku**

Hverfið er eins og lítil veröld út af fyrir sig og þar gerast öll þau ævintýri og leyndardómar sem geta gerst í hvaða veröld sem er. En líka svolítið sérstök ævintýri og öðruvísi leyndardómar sem aðeins gerast þar og hvergi annarsstaðar. Þó er Hverfið aðeins einn stígur og ein gata hér í borginni.

Í þessu hverfi átti ég, Benjamín, heima í þriggja hæða fjölbýlishúsi sem sneri út að götunni. Vinur minn Andrés bjó í sama húsi, á hæðinni fyrir ofan. Hinum megin við götuna, í tvílyftu timburhúsi, bjó Baldur, kallaður Baldi, með mömmu sinni og tveggja ára systur. Við Andrés vorum tíu ára en

Baldi níu. Á veturna vorum við skólabræður og á sumrin lékum við okkur saman allan daginn. Og þó dagurinn væri helmingi lengri á sumrin en á veturna, þá var eins og það væri aldrei nógur tími til að leika sér. Mæður okkar þurftu að draga okkur inn á kvöldin og reka okkur í rúmið.

Bls. 92 **peysa – paisan** http://www.visindavefur.hi.is/svar.asp?id=1882

Bls. 93
WC stendur fyrir water closet, sem þýðir auðvitað bara vatnsskápur eða vatnsherbergi. Þegar orðið flyst yfir í íslensku stendur aðeins síðara orðið eftir: Closet = klósett.

Orðið kamar er náskylt orðinu chamber og camera, sem þýðir einfaldlega herbergi. Upprunalega var myndavélin kölluð camera obscura, sem þýðir einfaldlega myrkvað herbergi eða dimmt rými.

Verkefnabók – lausnir

1–2) **Hópverkefni**

Áður en hafist er handa þarf að ákveða hvernig hóparnir kynna niðurstöður sínar. Þeir geta ýmist valið sjálfir eða kennari látið þá draga um hvernig þeir eiga að skila af sér: fyrirlestur með glærum, flytja leikþátt, semja ljóð og flytja, gera teiknimyndasögu o.fl.

1) Hóparnir þurfa að færa rök fyrir tilgátunni sem þeir koma með og styðja hana dæmum.

2) Hér er hægt að útbúa keppni milli hópa um að finna sem flest orð yfir snjó, rok og sögnina að ganga. Mikilvægt er að nemendur skoði merkingarmun orðanna (t.d. lötra, ganga, arka – rok, fárviðri) og til að sýna fram á hann er bæði hægt að láta þá mynda setningar þar sem þeir nota hvert orð til að lýsa merkingu og eins má láta nemendur raða sér eftir t.d. hraða í göngu eða ákafa í roki.

Samheiti eru m.a. þessi:

snjór = áfreði, drift, fönn, hjarn, mjöll, snær

rok = bál, fárviðri, fjúk, fok, gambur, garri, gerringur, ofsarok, ofsastormur, ofsi, ofviðri, óveður, rokstormur, runta, snarvindur, stormur, stólparok, stólpi, stórveður, stórviðri, svak, veður, veðurofsi, vindur, öskurok

ganga = arka, beina för sinni, bera yfir, eiga leið um, fara, feta, hreyfa sig, hvarfa, labba, leggja leið sína um, pjakka, ramba, rölta, spranga, stika, stíga, geisa; beiða.

3) Sjá *Málfinn* bls. 47–48.

4) Erfðaorð: maður, hlaupa, skip, mjólk, unglingur

Tökuorð: engill, hippi, ske

Nýyrði: sjónvarp, tölva, fíkniefni

Nýmerkingar: skjár

Slangur: gúgla, nörd, pósta, bögg

Inntaksorð og kerfisorð. Til umræðu: Til að sýna nemendum enn frekar fram á mikilvægi kerfisorða má taka einfaldar setningar án kerfisorða, skrifa þær upp á töflu og skoða merkinguna.

Dæmi: *Jón fór bíl.* Fór hann í – á – að – fyrir – undir – yfir bíl? Forsetningin hefur allt um það að segja hvað Jón var að gera og skiptir því öllu máli í þessari setningu.

Dæmi: Anna las. Hvernig las Anna? Vel, illa, sjaldan, inni, heima, aldrei, ekki?

9) Listinn yfir orð með forskeytinu ó- er nær endalaus.

Viðskeytið –ó: strætó, róló, tyggjó, leikjó, gaggó, menntó, Kvennó, Sigló o.fl.

Einkenni þessa viðskeytis er að það er oftast notað til styttingar, sbr. strætó – strætisvagn.

10) leikari, dómari, rakari, bókari, flagari, skeitari o.fl.

11) hugsun, sköpun, verslun, köllun o.fl.

12) **tor**- (lo.) torfær, torlæs, torveldur, torlærður, tornæmur, tortrygginn, torsóttur, torfarinn (no.) tormerki (so.) tortryggja, torvelda

and- (lo.) andsetinn, andvígur, andsnúinn, andmæltur (no.) andstæðingur, andfætlingur (so.) andmæla

Aukaverkefni

- Tilbrigði við framsögn. Nemendur draga miða og flytja stutta ræðu án undirbúnings en fá síðan að undirbúa sig heima og flytja aðra ræðu, nú undirbúnir.
- Nemendur hlusta á íslensk dægurlög flutt á færeysku t.d. af plötunni *Vinalög* með Friðriki Ómari og Jógvan Hansen eða lög með Eivöru Pálsdóttur.
- Þýðingar. Nemendur setja málshætti, laglínur og algenga frasa í Google Translate og þýða yfir á t.d. ensku, dönsku og hollensku, fara fram og tilbaka og skoða hvaða orð eru skyld og hver eru lík og hver ólík.
- Þýðingar. Til að skoða og meta áreiðanleika þýðinga geta nemendur notað orðabækur og http://translate.google.com/ til samanburðar og metið út frá því hvað þeir telja áreiðanlegt og hvað ekki. Í verkefninu er einfalt að nota dægurlagatexta og fréttavefi. Hægt er að snúa verkefninu við og nota íslensku sem upprunaorð og skoða hvernig íslensk þýðing kemur út á Google Translate og meta hvort hún samræmist kröfum okkar um rétt og vandað mál.

- Tinni á ensku og íslensku: Nemendur þýða enska textann í hópum, fyrst sjálfir og síðan í Google Translate. Þeir fá síðan íslensku þýðinguna og geta borið saman og valið bestu þýðinguna. Þetta verkefni er hægt að vinna með hvaða texta sem hægt er að nálgast bæði á íslensku og ensku (eða því tungumáli sem nemendur eiga auðvelt með að þýða yfir á íslensku).
- **Hópverkefni**: Nemendur skoða saman færeyskar og/eða hollenskar fréttasíður, rýna saman í efni þeirra og hjálpast að við að skilja þær með því að draga ályktanir og geta í eyðurnar. Hægt er að nota Google Translate til að þýða einstök orð úr hollensku en við færeyskuna þarf að beita öðrum aðferðum þar sem hana er ekki að finna á Google Translate.
- Hvaða tungumál gæti þetta verið? Nemendur setja þennan texta í Google Translate og finna upprunann.

  Attikatti nóa

  attikatti nóa

  emissa demissa

  dolla missa dei.

  Sedra kolla missa radó

  sedra kolla missa radó.

  Attikatti nóa

  attikatti nóa

  emissa demissa

  dolla missa dei.

  Úllen dúllen doff

  kikkelane koff

  koffelane bikkebane

  úllen dúllen doff.

Ítarefni

- Orðmyndunaraðferðir: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/hvernigmyndumvid.pdf
- Nýyrði Jónasar Hallgrímssonar: http://vefir.nams.is/klb/mer_er_i_mun/nyyrdiJH_mererimun.pdf
- Nýyrðasamkeppni Mjólkursamsölunnar: http://www.ms.is/Islenska/Nyyrdasamkeppnin/
- Færeyskir málshættir: http://tungutak.blogspot.com/2012/08/freysk-ortiltki-freyskir-malshttir.html
- Færeyskir fréttavefir: www.portal.fo www.dimma.fo www.sosialurin.fo
- Hollenskir fréttavefir: www.nu.nl http://www.ad.nl/
- Í viðauka er að finna töflu af Wikipedia sem sýnir á skemmtilegan hátt skyldleika tungumála.

8. kafli – Ást er ... að týnast í orðum

Hér er haldið áfram að brjóta upp lestur bókmennta, eins og gert var í 4. kafla með *Elías*, og draga athygli nemenda að ýmsum brögðum sem skáld og rithöfundar beita. Vert er að skoða sögumanninn enn frekar, enda eru sögumennirnir tveir í þessu tilfelli, af báðum kynjum og á milli þeirra ríkir skemmtileg spenna, og skoða einnig óbeinar persónulýsingar og vísanir.

Textann í *Hjartslætti* er líka gott að skoða út frá kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og fá fram bæði umræður og verkefnavinnu á þeim nótum. Á textinn eitthvað sameiginlegt með sjónvarpsþáttum og kvikmyndum? Hvað eiga sjónvarpsþættir og bókmenntir yfirleitt sameiginlegt, fyrir utan það augljósa að segja sögu? Gilda sömu lögmál, t.d. um persónusköpun, atburðarás og sögusvið? Hvar greinir á milli og hvað er líkt? Hér er tilvalið að ræða sögur sem hafa verið kvikmyndaðar, s.s. *Harry Potter*, *Hungurleikana*, *Twilight* o.fl. og bera saman bók og mynd. Eins má velta fyrir sér hvað gerir suma sjónvarpsþætti góða og enn aðra frábæra.

Í textanum eru einnig ágætis kveikjur að umræðu um jafnrétti, stöðu kynjanna og viðhorf þeirra, mannréttindi, hörundslit, þjóðerni og staðalmyndir. Þegar rætt er um staðalmyndir þarf umræðan ekki að vera alfarið á neikvæðum nótum heldur má benda á að staðalmyndirnar séu vísbending um nokkurs konar stigveldiskerfi innra með okkur sem við styðjumst ósjálfrátt við þegar við lesum eða horfum á kvikmyndir. Í samhengi við bókmenntagreiningu er þetta mikilvægt vegna þess að höfundar beita þessum brögðum óspart: Að skapa persónur eða aðstæður sem eru óvæntar og óvenjulegar.

Af hverju lætur höfundur Tristan t.d. vera af erlendum uppruna? Hvaða áhrif hefur það á söguna, lesturinn og stöðuna á milli Írisar og hans?

Að þekkja vísunina

Höfundur *Hjartsláttar* vísar augljóslega í riddarasöguna um Tristran og Ísold. Þeir sem þekkja til þeirrar sögu hafa því öðruvísi forsendur en aðrir lesendur þegar þeir lesa *Hjartslátt* – þeir geta gert sér í hugarlund að sagan sem þeir eru að lesa fari hugsanlega á svipaðan hátt og riddarasagan. Kennari getur rætt þessi áhrif við nemendur og jafnvel kannað hverjir þekkja söguna og hverjir ekki.

Eftirfarandi er tekið úr ritdómi um söguna á bokmenntir.is. Þar kemur m.a.s. fram að sögupersónurnar eru undir áhrifum frá frumtextanum …

„Ragnheiður vísar til Tristranskvæðis og riddarasögunnar um Tristran og Ísold, sem ekki var „skapað nema að skilja“. Tristan þekkir kvæðið og örlög elskendanna sem þar er sagt frá. Það er kveikja þess að hann tekur strax eftir Írisi Sól. Nafn hennar er nær það sama og á ástkonu nafna hans í sögunni gömlu og auk þess finnst honum útlit hennar passa við lýsinguna á Ísold í sögunni, björt og fögur. Þegar þau eru orðin par kynnir hann söguna fyrir Írisi sem óttast að örlög þeirra verði þau sömu og elskendanna forðum. Tristan er hins vegar ákveðinn í því að skapa sér sjálfur sín örlög og tekur því ekki þegjandi þegar mamma hans fær vinnu í Kanada og ákveður að þau flytji vestur um haf.“[3]

Textabók

Bls. 105 **Dæmi um mannlýsingu úr Íslendingasögunum**

Kjartan Ólafsson vex upp heima í Hjarðarholti. Hann var allra manna vænstur þeirra er fæðst hafa á Íslandi. Hann var mikilleitur og vel farinn í andliti, manna best eygður og ljóslitaður. Mikið hár hafði hann og fagurt sem silki og féll með lokkum, mikill maður og sterkur eftir sem verið hafði Egill móðurfaðir hans eða Þórólfur. Kjartan var hverjum manni betur á sig kominn svo að allir undruðust þeir er sáu hann. Betur var hann og vígur en flestir menn aðrir. Vel var hann hagur og syndur manna best. Allar íþróttir hafði hann mjög umfram aðra menn. Hverjum manni var hann lítillátari og vinsæll svo að hvert barn unni honum. Hann var léttúðigur og mildur af fé. Ólafur unni mest Kjartani allra barna sinna.[4]

Bls. 109 **Þegar við Guðrún vorum skotnar í sama stráknum**

Umræður: Er þessi lýsing dæmigerð fyrir hrifningu eða skot? Hver er ykkar reynsla? Í textanum er vísað í átrúnaðargoð? Hvernig hljómar það í samtímanum?

Verkefnabók – lausnir

2) Til umræðu: Hvernig notum við líkingar, s.s. viðlíkingar í daglegu tali, sbr. *„eins og mjúkt teppi“*. Hvaða líkingar nota nemendur? Nota þeir líkingar þegar þeir skrifa texta? Nota þeir öðruvísi líkingar þegar þeir tala en þeir nota í ritun? Af hverju notum við líkingar? Er það til útskýringa eða til að ná fram ákveðnum áhrifum?

3) Til umræðu: Eðli frásagna í nútíð og þátíð er auðvitað afar ólíkt og best er að nemendur átti sig sem mest á því sjálfir með því að bera saman ólíka texta. Hér eru nokkrir þættir sem gott er að nota í umræður um þetta málefni:

- Frásögn í þátíð felur ósjálfrátt í sér meiri fjarlægð frá atburðunum sem sagt er frá. Þetta hefur t.d. í för með sér þann möguleika að sögumaður sé
  a. áreiðanlegri – vegna þess að hann er að skoða atburðina eftir á, með meiri þroska og ígrundun
  b. óáreiðanlegri – vegna þess að hann man atburðina verr og þarf þess vegna að fylla í eyðurnar með eigin skoðunum og jafnvel söguskoðunum.
- Frásögn í nútíð er meira í ætt við beina útsendingu, ef svo mætti að orði komast. Þar stendur sögumaðurinn í miðri atburðarásinni og er í beinni snertingu við hana. Það þýðir að sama skapi ekki að hann sé fullkomlega áreiðanlegur.
- Í sögum er tíðunum auðvitað oft blandað saman og sögumaður sem segir frá í nútíð getur t.d. hugsað til baka og þar með dottið inn í þátíð.

5) Til umræðu: Klisjan sem snýr að tilfinningum og kynjum er sú að stelpur séu væmnar og tilfinningaríkar en strákar ekki; að þeir séu klunnar og kasti til hendinni. Þess vegna var farin þessi leið, þ.e. að strákurinn er vandvirkur og væminn en stelpan kærulaus. Hver er munurinn á því að vera væminn og tilfinningaríkur og einlægur? Geta stelpur verið mjög tilfinningaríkar – jafnvel meira en strákar? En geta strákar verið mjög tilfinningaríkir – jafnvel meira en stelpur?

Bls. 66 **Sjónarhorn**

Til umræðu:

- Skiptir sjónarhorn alltaf máli í frásögn?
- Hvaða áhrif hefur sjónarhorn á upplifun lesanda?
- Hvað með sjónarhorn raunverulegra atburða, sem eiga sér stað í hversdagsleikanum, t.d. þegar tveir nemendur eru ósammála, hvaða máli skiptir að heyra hlið beggja?
- En þegar kennarinn er „ósanngjarn og leiðinlegur“, er nóg að heyra aðeins sjónarmið nemandans?
- En sjónarhorn og fréttaflutningur – af hverju þurfa fréttamenn að gæta hlutleysis?
- Hvað með fréttaflutning þar sem lesendur fá aðeins að heyra hlið annars aðila, er sanngjarnt að fella dóma út frá því?
- Eru einhverjir aðilar eða stofnanir sem mega ekki segja frá eða lýsa sínu sjónarhorni? (t.d. lögregla, læknar, barnavernd, kennarar, dómarar o.fl.)

Bls. 69 **Atburðarás**

Til umræðu: Nemendur eru oftar en ekki meðvitaðir um að frásögn snýst um atburð. En auk atburðarins þurfa nemendur að huga vel að þeim áhrifum sem atburðurinn hefur á framvindu sögunnar og á endalok hennar og vinna vel með það, bæði þegar þeir greina sögur annarra og í eigin ritunarverkefnum. Þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref eru gjarnir á að detta inn í afar einfaldar útgáfur þar sem lítil úrvinnsla á sér stað – t.d. sögur um vini þar sem slettist upp á vinskapinn en á endanum sættast þeir og verða aftur bestu vinir. Til að slík saga öðlist dýpra gildi þarf kennari að hjálpa nemendum að vinna úr atburðunum:

- Átti atburðurinn sér fyrirsjáanlegan aðdraganda? Er aðdragandinn gefinn í skyn í textanum?
- Hvernig komu sættirnar til? Skildi gerandinn allt í einu að hann hafði gert eitthvað rangt? Hvernig? Skildi þolandinn að á honum var brotið? Gerði hann eitthvað í því?

11) Greinarmerki geta haft mikil áhrif:

Drepið hann, ekki bíða þangað til ég kem.

Drepið hann ekki, bíða þangað til ég kem.

Hundar bitu karla, og konur hlupu burt og geltu.

Hundar bitu karla og konur, hlupu burt og geltu.

12) Réttur texti:

Afi og amma voru allt í einu tvö yfir kistunni. Þau horfðu niður áður en afi hallaði sér og lagði nokkra kossa á ennið. Amma var stjörf, eins og ég í sætinu, því einhver hafði fjarlægt fínofna klútinn. Ennið hlaut að vera kalt eins og rúða. Ég sá fyrir mér barnabarnakórinn á jóladegi fyrir mörgum árum, örugglega áratug, og afa við píanóið að spila Nú

skal segja og leiðbeina okkur í söngnum með svipbrigðum; við Danni vandræðalegir með hendur í vösum í aftari röðinni, tveir elstir og brostum rjóðir af feimni, múturnar farnar að gera vart við sig og engin hljóð jólaleg úr okkar börkum. Ég leit aftur upp á litríka glerveginn. Út undan mér, mjög óljóst, sá ég svartklæddar verur teikna kross í loftið yfir kistunni, hverja á fætur annarri.[5]

Aukaverkefni

- Alls staðar eru sögur og við erum öll sólgin í þær. Umræður um það hvar sögur leynast eru ómetanlegar, til að mynda í bröndurum og daglegum samskiptum, jafnvel einhverju hversdagslegu eins og þegar kennari útskýrir fyrir nemendum af hverju hann mætti seint í eina kennslustundina.
- Nemendur vinna í litlum hópum og rannsaka fréttir með því að fletta dagblöðum á timarit.is eða vafra á fréttamiðlum. Þeir lesa nokkrar fréttir og reyna að koma auga á hvar í texta fréttanna eiginleg frásögn byrjar – hvar sagan hefst. Hver hópur velur nokkrar fréttir/sögur til að kynna munnlega fyrir bekknum.

Ítarefni

- http://timarit.is/

9. kafli – Unglingurinn sem ljóðaði yfir sig

Í ljóðum er vægi orða mun meira en í öðrum texta. Lestur ljóða snýst um að skynja orðin, táknin og tilfinningarnar sem leynast þar eða búa að baki. Enginn lestur er réttur og enginn er rangur og mestu máli skiptir að draga nemendur inn í áferð, hljóm, tilfinningu og upplifun orðanna. Ekki síst er mikilvægt að beina sjónum að því að upplifun hvers og eins nemanda af ljóði er einstök, einmitt vegna þess að við tengjumst orðunum tilfinningalega, tengjum þau við hugmyndir okkar og reynslu, lífsviðhorf og minningar, góðar og slæmar.

Vegna þess hve unglingum (og börnum og sumum fullorðnum) er tamt að tengja ljóð beint við bragfræði og leit að bókmenntahugtökum er um að gera að fara aðrar leiðir. Markmiðið er ekki að þau geti samið ferskeytlur eða læri innrím og endarím – markmiðið er að þau skilji sprengikraftinn í hverju einasta orði og hvernig þessi sprengikraftur getur margfaldast ef orðið er í skýru og áhrifaríku samhengi.

Í ljóðum eru farnar ýmsar leiðir til að hafa áhrif, stundum með því að beina sjónum annað eða skekkja myndina. Í tengslum við ljóðakaflann er því gott að fara í alls kyns athyglisæfingar, eins og þessa:

Hvernig við tökum eftir því sem við ætlum okkur að taka eftir

Opinn hugur er nauðsynlegur, því annars fer skynjunin í eina átt og útilokar aðra. Þetta myndband er prakkaralegt dæmi um hversu viðkvæm athyglisgáfan er og er upplagt sem kveikja í upphafi tíma:

Heiti á YouTube: Test Your Awareness: Do The Test - http://www.youtube.com/watch?v=Ahg6qcgoay4

Verkefnabók – lausnir

1) Nemendur velta spurningunum fyrir sér hver fyrir sig í fyrstu en fara síðan í hópa og ræða spurningarnar, bera sig saman og skrá niðurstöður. Hópurinn þarf ekki endilega að koma sér saman um eitt ákveðið svar við hverri spurningu og um að gera að hvetja þá til að skrá allar hugmyndir og ólíkar skoðanir sem kunna að fæðast. Hóparnir kynna niðurstöður sínar og þá er hægt að gera enn frekari samanburð á svörum þeirra.

2–3) Þessi verkefni má setja upp í bók, ljóðabók bekkjarins, eða á veggspjöld þannig að allir í bekknum fái að njóta allra ljóðanna.

5) Allir nemendur fá nokkrar mínútur til að búa til nýja titla á ljóðin. Að liðnum tímanum sem gefinn var les kennarinn eða nemandi ljóðið upp og eftir það segir hver nemandi sína hugmynd að titli og af hverju hann valdi hann.

Hægt er að velja besta titilinn, fyndnasta titilinn og skrýtnasta titilinn. Að lokum eru hinir raunverulegu titlar skoðaðir og rætt um hvaða áhrif titill hefur á upplifun á ljóðinu. Skynja nemendur ljóðin á annan hátt eftir að hafa fengið titilinn upp í hendurnar?

Réttir titlar eru:

Ljóð Guðrúnar Hannesdóttur heitir meydrottningin

Ljóð Stefáns Harðar Grímssonar heitir Stef

Ljóð Þuríðar Guðmundsdóttur heitir Gömul flík

Ljóð Kára Tulinius heitir Stilkatanka

6–7) Hér er ekki eitt svar rétt umfram annað heldur þarf að hvetja nemendur til að finna sjálfir hvað þeim finnst og hvernig þeir upplifa ljóðin.

9) **Mitt var starfið**

Mitt var starfið **h**ér í **h**eim
heita og kalda daga
að skeina **k**rakka og **k**emba þeim
og **k**eppast við að staga.

Eg þráði að **l**eika **l**ausu við
sem **l**amb um grænan haga,
en þeim eru ekki **g**efin **g**rið,
sem **g**ötin eiga að staga.

Langaði mig að **l**esa blóm
um **l**anga og bjarta daga,
en þörfin kvað með þrumuróm:
„Þér er nær að staga.“

Heimurinn átti **h**arðan dóm
að **h**engja á mína snaga,
hvað eg væri kostatóm
og kjörin til að staga.

Komi hel með **k**utann sinn
og **k**orti mína daga,
eg **h**eld það verði **h**lutur minn
í **h**elvíti að staga.

Karlrím: heim – þeim, við – grið, blóm – róm – dóm – tóm, sinn – minn

Kvenrím: staga – daga – haga – snaga

Aukaverkefni

- Nemendur yrkja bókstafaljóð. Þeir velja sér bókstaf og allar línur eiga að byrja á þeim staf.
- Ljóðabolti: Nemendur kasta bolta á milli sín og hver segir eina setningu, kennari hraðritar og út kemur bekkjarljóð. Hægt er að útfæra þetta á marga vegu, t.d. sem bekkjarreglur, um ákveðið efni, frjálst, rímað o.s.frv. Eins má útfæra þetta á blaði sem látið er ganga á milli nemenda og hver skrifar eina braglínu og brýtur upp á blaðið áður en næsti tekur við.

Ítarefni

- Kvikmynd um Palla: http://www.kvikmyndavefurinn.is/films/nr/1097
- Smáforrit fyrir I-pad (þar er að finna ýmis verkefni sem hægt er að vinna utan I-pad) http://www.segulljod.is/
- Myndbandagerð við ljóð: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/ljodamyndbond/verkefni.html
- Götuljóð: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/gotuljod.pdf
- Botnaðu ljóðið er alltaf skemmtilegur leikur. Til að brjóta verkefnið upp er hægt að bjóða upp á forskriftir eða ólíkar nálganir eða þemu: http://www.nams.is/dagsins/dag_isl_tung/visur_og_limrur.pdf

10. kafli – Öll þessi skilaboð

Hér skoðum við fyrst og fremst hvernig auglýsingar geta gefið okkur innsýn í samfélagið, tíðarandann og viðhorfin á hverjum tíma. Smáauglýsingarnar sem teknar eru til umfjöllunar eru skondnar og skemmtilegar og það eru verkefnin sem þeim tengjast í vinnubókinni líka en þar glittir í hið mikla vægi tungumálsins, t.d. í því hversu ólíkt orðalagið er eftir því hvaða starf er verið að auglýsa.

Umfjöllunin um bílaauglýsingu sýnir á skýran hátt hvernig einföld, grafísk uppsetning getur skapað „misskilning“ í lestrinum. Þetta er afar mikilvægt innlegg í umræðuna um auglýsingar almennt – uppsetningin hefur áhrif á það hvernig upplýsingarnar skila sér til okkar og þar með hvaða áhrif þær hafa. Þetta er ágætt að skoða í samhengi við klippiverkefni með forsíður tímarita á bls. 43 í Textabók.

Í þessum kafla eru engar lausnir við verkefni.

Ítarefni

Skilaboð móttekin gefin út af Námsgagnastofnun 2012

Leikir og fjör á netinu:

- Nafnavél Elíasar Halldórs – hvað býr í þínu nafni?
- http://elias.rhi.hi.is/stafavixl/
- Rímorðavél Elíasar http://elias.rhi.hi.is/
- Samhverfur Baggalúts eru mjög skemmtilegur leikur með tungumálið og óvæntan húmor í því: http://baggalutur.is/samhverfur.php
- Orðavinda er æsispennandi leikur sem snýst um að finna út margvíslega möguleika í tungumálinu: http://borgar.net/programs/ordavinda/

Viðauki

Taktu stöðuna! 1. kafli 48

Taktu stöðuna! 2. kafli 49

Taktu stöðuna! 3. kafli 50

Taktu stöðuna! 4. kafli 51

Taktu stöðuna! 5. kafli 52

Taktu stöðuna! 6. kafli 53

Taktu stöðuna! 7. kafli 54

Taktu stöðuna! 8. kafli 55

Taktu stöðuna! 9. kafli 56

Taktu stöðuna! 10. kafli 57

Spurningar úr köflunum. 58

Ýmsir gátlistar 62

Skyldleiki tungumála. 64

Hugmyndir að nýyrðum. 65

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
stend klár á því hvað læsi er og hvaða þýðingu það hefur í lífinu.		
veit til hvers skammstafanir eru notaðar og hvaða reglur gilda við notkun þeirra.		
þekki muninn á skimun og punktalestri.		
er með það á hreinu hvaða textategundir kalla á djúplestur.		
tek mér tíma fyrir yndislestur.		
þekki muninn á texta sem fræðir og texta sem leiðbeinir.		
veit hvað einkennir málshætti.		
get farið hratt og villulaust með stafrófið.		

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
get nefnt mörg dæmi um í hvað og til hvers ég nota tungumálið.	☐	☐
veit af hverju er mikilvægt að þjálfa læsi.	☐	☐
kann fimm stafsetningarreglur upp á hár.	☐	☐
veit hvaða þýðingu nafnorð hafa í tungumálinu.	☐	☐
þekki muninn á huglægum og hlutlægum orðum.	☐	☐
veit af hverju fallbeyging skiptir máli.	☐	☐
kann að finna stofn nafnorða.	☐	☐
kann að nota orðabók til að skoða fallbeygingu orða.	☐	☐
veit til hvaða ráða ég get gripið ef ég er ekki viss hvernig á að fall-beygja nafnorð.	☐	☐
geri mér grein fyrir hvað gæti gerst ef engar málfræðireglur væru til.	☐	☐

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
kann að nota h-in fimm sem notuð eru í ritun, t.d. af fréttamönnum.	☐	☐
skil hugtakið tvíræðni og get nefnt dæmi um það.	☐	☐
veit hvert hlutverk fornafna er í tungumálinu.	☐	☐
get nefnt a.m.k. þrjá fornafna-flokka og fornöfnin sem tilheyra þeim.	☐	☐
átta mig á hvernig hægt er að nota y-reglu út frá skyldleika orða og get nefnt dæmi.	☐	☐
Hvers konar fjölmiðla notar þú helst?	☐	☐
Hvað vekur helst áhuga þinn í fjölmiðlum?	☐	☐

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
get beitt þremur ólíkum aðferðum við að lýsa persónu.	☐	☐
veit hvað samlíkingar eru og kann nokkrar.	☐	☐
þekki muninn á beinum og óbeinum persónulýsingum og get beitt þeim í tali og ritun.	☐	☐
veit hvað átt er við með gildishlöðnum orðum.	☐	☐
kann að stigbreyta mörg lýsingarorð og skil merkingarmun miðstigs og efsta stigs.	☐	☐
átta mig á hlutverki atviksorða í tungumálinu.	☐	☐
veit hvenær á að nota stóran staf í viðurnefnum.	☐	☐

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
get nefnt nokkur dæmi um einkenni ævintýra.	☐	☐
veit hvað á að hafa í huga þegar skrifa á formlegt bréf.	☐	☐
kann að finna stofn sagnorða og get nefnt a.m.k. tvö dæmi um hvernig hann nýtist við stafsetningu.	☐	☐
skil hvað átt er við með skyldleika sagnorða og nafnorða og kann að nota hann við orðaleik.	☐	☐
er með á hreinu hvernig nota á gæsalappir í beinni ræðu.	☐	☐
er klár á muninum á opnum og lokuðum spurningum.	☐	☐
kann að skapa ólík sögusvið.	☐	☐
Hver heldur þú að séu algengustu greinarmerkin?	☐	☐
Er þetta opin spurning? Rökstyddu svar þitt.	☐	☐

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
þekki muninn á forlestri og eftirlestri.		
skil hvernig lykilorð hjálpa við lestur.		
kann að gera hugarkort.		
skil hvað efnisgrein er.		
þekki aðferðir við að skrifa leiðbeiningar.		
Hvaða glósuaðferð finnst þér best að nota?		
Hvaða lestraraðferð finnst þér best að nota þegar þú lest fræðilegan texta?		

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
get nefnt a.m.k. þrjú tungumál skyld íslensku.		
veit muninn á erfðaorðum og tökuorðum.		
get útskýrt hvað einkennir opna orðflokka.		
skil muninn á slangri og nýyrðum.		
þekki muninn á forskeytum og viðskeytum.		
geri mér grein fyrir mikilvægi kerfisorða í málinu.		
Hvaða slangurorð eru algeng í daglegu tali meðal skólafélaga þinna?		
Hvaða nýyrði þekkirðu sem tengjast tölvum?		

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
veit hvað sjónarhorn hefur mikil áhrif á frásögn.	☐	☐
get sagt frá atburði og lýst ólíkum sjónarhornum.	☐	☐
er klár á hvað atburðarás er.	☐	☐
Hvaða máli skiptir að vanda ritun, hvort sem það er bréf, saga eða annað?	☐	☐
skil að greinamerki skipta miklu máli í rituðu máli.	☐	☐
Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú skrifar sögu? Rifjaðu upp eins mörg atriði og þú getur – líka úr fyrri köflum!	☐	☐

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
er með á hreinu muninn á hefðbundnum (bundnum) og frjálsum ljóðum (óbundnum).		
skil hvað hugtakið ljóðmælandi er.		
kann að finna ljóðstafi í ljóðum.		
þekki mismunandi tegundir af rími í ljóðum.		
kann að greina myndmál í ljóðum.		
Hvernig geta ljóð verið ólík? Finndu eins mörg dæmi og þér dettur í hug.		
Hvaða atriði þekkirðu sem skapa stemmningu í ljóðum?		
Hvernig er gott ljóð í þínum huga?		
Er boðskapur í öllum ljóðum? Hvernig boðskapur finnst þér vera algengastur í þeim ljóðum sem þú hefur lesið?		

Textaboð Senda

Ég... SKILABOÐ	Alveg klár	Þarf að læra betur
geri mér grein fyrir muninum á ólíkum málsniðum og hvað notkun ólíkra orðagetur haft mikil áhrif.	☐	☐
er klár á hvaða lágmarksupplýsingar þurfa að koma fram í starfsumsókn.	☐	☐
get núna horft á auglýsingu og greint hvernig hún talar til mín og hvaða leiðir eru notaðar til að ná til mín.	☐	☐
átta mig á að hraður yfirborðslestur á auglýsingum og fjölmiðlum er varasamur.	☐	☐
Hvað telur þú að þurfi að koma fram í atvinnuauglýsingu?	☐	☐
Hvaða máli finnst þér skipta að hafa atvinnuumsókn snyrtilega, vel upp setta og á góðu máli?	☐	☐
Hvað gera auglýsendur til að fanga athygli lesenda? Hvaða atriði detta þér í hug?	☐	☐
Hvers konar auglýsingar lest þú helst? Hvers vegna?	☐	☐

Textaboð Senda

Spurningar úr köflum

Spurningarnar hér eru úr efni texta- og verkefnabókar. Þær má nota í tengslum við námsmat, bæði að hluta eða í heild.

1. kafli

1. Hver þessara atriða flokkast undir læsi?
   lesskilningur – gagnrýnin hugsun – sköpun – lestur
2. Af hverju notum við skammstafanir?
3. Hvaða reglur gilda við notkun skammstafana?
4. Hver er munurinn á skimun og punktalestri?
5. Hvaða textategundir kalla á djúplestur?
6. Hversu mikinn tíma á viku notar þú í yndislestur?
7. Hver er munurinn á texta sem fræðir og texta sem er leiðbeinandi?
8. Hvað einkennir málshætti?
9. Hversu hratt geturðu farið með stafrófið, villulaust?

2. kafli

1. Í hvað notarðu tungumálið?
2. Af hverju er mikilvægt að þjálfa lestur?
3. Hvaða stafsetningarreglur ertu með á hreinu? Nefndu dæmi sem lýsa þeim.
4. Hvaða gagn hefurðu af nafnorðum?
5. Hver er munurinn á huglægum og hlutlægum orðum?
6. Hvaða máli skiptir að fallbeygja nafnorð rétt?
7. Hver er munurinn á stofni og beygingarendingum?
8. Hvernig finnurðu stofn nafnorða?
9. Til hvaða ráða geturðu gripið ef þú ert ekki viss hvernig fallbeygja á eitthvert nafnorð? Geturðu notað fleiri en eina aðferð?
10. Hvaða áhrif hefði það ef engar málfræðireglur væru til?
11. Hvaða eiga þessi orð sameiginlegt út frá málfræðilegu sjónarmiði: *kaffi, sykur, hveiti* og *mjólk*?
12. Hversu mörg samheiti geturðu fundið yfir orðið *bíll*?

3. kafli

1. Fréttamenn hafa gjarnan *h-in* fimm í huga þegar þeir skrifa fréttir. Fyrir hvað standa þau?
2. Hvað er átt við með hugtakinu tvíræðni?
3. Hvert er hlutverk persónufornafna í tungumálinu? En ábendingarfornafna?
4. Hvers konar fjölmiðla notar þú helst?
5. Hvað vekur helst áhuga þinn í fjölmiðlum?
6. Hvernig tengist y-regla í stafsetningu, skyldleika orða? Notaðu dæmi til útskýringa.

4. kafli

1. Ef þú ættir að lýsa persónu eins vel og þú mögulega gætir, hvaða atriði þarftu þá að hafa í huga? Hverju ættirðu að lýsa?
2. Hvað gera samlíkingar fyrir tungumálið? Kanntu eina góða?
3. Hvernig þekkirðu líkingarorð? (Hvað geturðu fundið mörg líkingarorð sem lýsa góðum sumardegi?)
4. Hver er munurinn á að nota beina og óbeina lýsingu í mannlýsingum?
5. Við hvaða aðstæður þykir sjálfsagt að nota gildishlaðin orð? En hvenær er algjörlega óviðeigandi að nota þau?
6. Geturðu fundið andheiti fyrir hvaða orð sem er? Finndu þrjú orð sem þú getur ekki fundið andheiti yfir.
7. Hvernig lýsir þú uppáhalds buxunum þínum án þess að nota lýsingarorð?
8. Hver er merkingarmunur lýsingarorða í miðstigi og efsta stigi?
9. Hvað eru atviksorð og hvaða hlutverki gegna þau í tungumálinu?
10. Hvernig viðurnefni gætu talist óviðeigandi?
11. Hvaða reglur gilda um ritun viðurnefna?

5. kafli

1. Hvað einkennir ævintýri? Nefndu eins mörg atriði og þú getur.
2. Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú skrifar formlegt bréf?
3. Hvernig getur stofn sagnorða hjálpað til við rétta stafsetningu? Notaðu dæmi til útskýringa.
4. Hvernig finnurðu stofn sagnorða?
5. Hvað eru persónulegar sagnir? Útskýrðu með dæmi.
6. Hvernig er hægt að þekkja veikar sagnir?
7. Hvað er átt við með skyldleika nafnorða og sagnorða?
8. Hver heldur þú að séu algengustu greinarmerkin?
9. Hvaða reglur gilda um gæsalappir?

10. Hvenær er bein ræða notuð í ritun?
11. Er þetta opin spurning? Rökstyddu svar þitt.
12. Hvað er átt við þegar talað er um sögusvið?

6. kafli

1. Hvað er átt við með forlestri og eftirlestri?
2. Af hverju er mikilvægt að finna lykilorð í texta?
3. Hversu margar aðferðir við glósugerð þekkirðu?
4. Hver er munurinn á skýringarmynd og hugarkorti?
5. Hvað er efnisgrein?
6. Hvaða lestraraðferð finnst þér best að nota þegar þú lest fræðilegan texta?

7. kafli

1. Hvað er átt við með skyldleika tungumála?
2. Hvaða tungumál eru náskyld íslensku?
3. Hver er munurinn á erfðaorðum og tökuorðum?
4. Hvaða slangurorð eru algeng í daglegu tali meðal skólafélaga þinna?
5. Af hverju eru kerfisorð mikilvæg í tungumálinu?
6. Hvað einkennir opna orðflokka?
7. Hvaða orðflokka þekkirðu sem teljast lokaðir?
8. Hvaða nýyrði þekkirðu sem tengjast tölvum?
9. Hvaða algeng forskeyti þekkirðu? Nefndu orðadæmi til útskýringar.

8. kafli

1. Hvaða máli skiptir að vanda ritun, hvort sem það er bréf, saga eða annað?
2. Af hverju skiptir sjónarhorn máli í frásögnum?
3. Hvað er átt við með hugtakinu *atburðarás*?
4. Hvernig finnst þér dæmigerð byrjun fyrir draugasögu vera?
5. Hvað þarftu að hafa í huga þegar þú skrifar sögu? Rifjaðu upp eins mörg atriði og þú getur – líka úr fyrri köflum!

9. kafli

1. Hvernig geta ljóð verið ólík? Finndu eins mörg dæmi og þér dettur í hug.
2. Hvað kallast sögumaður í ljóði?
3. Hver er munurinn á hefðbundnu ljóði og formfrjálsu?
4. Hvaða atriði þekkirðu sem skapa stemmningu í ljóðum?
5. Hvað er myndmál í ljóðum?
6. Hvernig er gott ljóð? En ekki svo gott?
7. Er boðskapur í öllum ljóðum? Hvernig boðskapur finnst þér vera algengastur í þeim ljóðum sem þú hefur lesið?
8. Hvernig ljóðarím þekkir þú?
9. Hvaða reglur gilda um ljóðstafi?

10. kafli

1. Hvað telur þú að þurfi að koma fram í atvinnuauglýsingu?
2. Hvaða atriði ættir þú sem atvinnuumsækjandi að láta koma fram í starfsumsókn?
3. Hvaða máli finnst þér skipta að hafa atvinnuumsókn snyrtilega, vel upp setta og á góðu máli?
4. Hvað gera auglýsendur til að fanga athygli lesenda? Hvaða atriði detta þér í hug?
5. Hvers konar auglýsingar lest þú helst? Hvers vegna?

Ýmsir gátlistar

Púltið

Töflu sem þessa væri gott að hafa fremst í *Púltinu*. Nemendur geta ýmist skráð verkefni jafnóðum eða kennari sett upp í tölvu og prentað út fyrir hvern kafla. Matið er fyrst og fremst hugsað fyrir kennara.

1. kafli **Verkefni**	**Mjög vel unnið**	**Vel unnið**	**Nokkuð vel unnið**	**Ekki full-unnið**	**Óunnið**
Uppáhaldsbókin mín					
Framsögn, sjálfsmat					
Taktu stöðuna!					

Sjálfsmat (hópavinna/einstaklingsvinna)

Hvað lærði ég af þessu verkefni?

Hvað gerði ég vel?

Hvað þarf ég að bæta?

Hvernig get ég bætt það?

Hvað þarf ég að hafa í huga við næsta verkefni, sem líkist þessu?

Kennaramat – hópavinna

Nemandi (nafn):	**Til fyrir-myndar**	**Í lagi**	**Getur gert betur**
Tekur virkan þátt			
Heldur sig við efnið			
Skýrir mál sitt með rökum			
Hlustar á aðra			
Styður aðra			
Sýnir frumkvæði			
Leggur sig fram í samvinnu			

Sjálfsmat – hópavinna

Ég gerði mitt besta og vann vel.	Ég gerði ekki eins vel og ég gat.	Ég vann lítið og kom vinnunni yfir á aðra.
Ég lagði mig fram við að deila hugmyndum mínum.	Ég átti erfitt með að deila hugmyndum mínum.	Mér gekk illa að deila hugmyndum mínum.
Ég hlustaði á aðra og tók tillit til hugmynda þeirra.	Ég átti erfitt með að hlusta á aðra og taka tillit til hugmynda þeirra.	Mér gekk illa að hlusta á aðra og taka tillit til hugmynda þeirra.

Jafningjamat/kennaramat – hópavinna

Lagði sig fram og vann vel.	Vann nokkuð vel.	Vann lítið og kom vinnunni yfir á aðra.
Lagði sig fram við að deila hugmyndum sínum.	Átti erfitt með að deila hugmyndum sínum.	Gekk illa að deila hugmyndum sínum.
Hlustaði á aðra og tók tillit til hugmynda þeirra.	Átti erfitt með að hlusta á aðra og taka tillit til hugmynda þeirra.	Gekk illa að hlusta á aðra og taka tillit til hugmynda þeirra.

Kennaramat – ritun

Nemandi (nafn)	Mjög vel unnið	Vel unnið	Nokkuð vel unnið	Ekki full-unnið	Óunnið
Persónulýsingar					
Sögusvið					
Atburðarás					
Samfella í frásögn					
Málfar og stafsetning					

Skyldleiki tungumála

Samanburður nokkurra orða

Enska	Afríkanska	Danska	Hollenska	Færeyska	Þýska	Gotneska	Íslenska	Skoska	Sænska
Apple	Appel	Æble	Appel	Súrepli	Apfel	Aplus	Epli	Aiple	Äpple
Board	Bord	Bræt	Bord	Borð	Brett	Baúrd	Borð	Buird	Bord
Book	Boek	Bog	Boek	Bók	Buch	Bóka	Bók	Beuk	Bok
Breast	Bors	Bryst	Borst	Bróst	Brust	Brusts	Brjóst	Breest	Bröst
Brown	Bruin	Brun	Bruin	Brúnt	Braun	Bruns	Brúnn	Broun	Brun
Day	Dag	Dag	Dag	Dagur	Tag	Dags	Dagur	Day	Dag
Die	Sterf	Dø	Sterven	Doyggja	Sterben	Diwan	Deyja	Dee	Dö
Enough	Genoeg	Nok	Genoeg	Nóg	Genug	Ga-nóhs	Nóg	Eneuch	Nog
Give	Gee	Give	Geven	Geva	Geben	Giban	Gefa	Gie	Giva/Ge
Glass	Glas	Glas	Glas	Glas	Glas		Gler	Gless	Glas
Gold	Goud	Guld	Goud	Gull	Gold	Gulþ	Gull	Gowd	Guld
Hand	Hand	Hånd	Hand	Hond	Hand	Handus	Hönd	Haund	Hand
Head	Kop	Hoved	Hoofd/Kop	Høvd/Høvur	Haupt/Kopf	Háubiþ	Höfuð	Heid	Huvud
High	Hoog	Høj	Hoog	Høg/ur	Hoch	Háuh	Hár	Heich	Hög
Home	Heim	Hjem	Thuis	Heim	Heim	Háimóþ	Heim	Hame	Hem
Hook	Haak	Krog	Haak	Haken	Haken		Krókur	Heuk	Hake/Krok
House	Huis	Hus	Huis	Hús	Haus	Hús	Hús	Hoose	Hus
Many	Veel	Mange	Veel	Nógv	Mehrere	Manags	Margir	Mony	Många
Moon	Maan	Måne	Maan	Máni	Mond	Ména	Máni	Muin	Måne
Night	Nag	Nat	Nacht	Nátt	Nacht	Nahts	Nótt	Nicht	Natt
No	Nee	Nej	Nee	Nei	Nein/Nö	Né	Nei	Nae	Nej
Old	Oud	Gammel	Oud	Gamal/Gomul	Alt	Sineigs	Gamall	Auld	Gammal
One	Een	En	Een	Ein	Eins	Áins	Einn	Ane	En/ett
Ounce	Ons	Unse	Ons		Unze		Únsa	Unce	Uns
Snow	Sneeu	Sne	Sneeuw	Kavi	Schnee	Snáiws	Snjór	Snaw	Snö
Stone	Steen	Sten	Steen	Steinur	Stein	Stáins	Steinn	Stane	Sten
That	Dat	Det	Dat	Hatta	Das	Þata	Það	That	Det
Two	Twee	To	Twee	Tveir	Zwei/Zwo	Twái	Tveir	Twa	Två
Who	Wie	Hvem	Wie	Hvør	Wer	Has	Hver	Wha	Vem
Worm	Wurm	Orm	Worm	Ormur	Made, Wurm	Maþa	Maðkur, Ormur	Wirm	Mask, Orm

Hugmyndir að nýyrðum yfir orðið „unglingur“:

hormóningur
ungeskja
sibbi
nóri
ungmaður
miðæska
köggull
miðlungur
miðingi
hálffull
barnsingi
mannlamb
hálflingur
helmingur
frumlingur
skæpill
ungskúfingur
ungskarfingur
svælingur
unghræða
ungi
ungvera
fullorðinsungi
millivera
barnorðin/n
fullbarn
freðlingur
andfæddur
miðféti
skjáviti
miðfólk
hálforðin/n
tvílingur
miðskeið
lafbuxi
miðeskja
nærmaður
ófullorðinn
hormónistar
rugnilgnu
millingur
lífslíflingur
gelgjubarn
flippari
tíni
tíningi
miðmaður
ungverji
mennskingi
sælgætisgráðungi
yndælingur
þreytingur
lingur
ligsi
ungæskja
ungverpi

Hugmyndir að nýyrðum yfir orðið „kona“

knáta
gjemla
kvenneskja
kveneskja
kvunga
konulingur
kvennæra
fagurhvumsa
anok
femína
kvennyndi
mjólkurgjafi
konsa
seta
þrúða
kvonda
kvinna
konna
kvona
fema
femela
konvera
kvenn
kvenningi
höl

Tilvísanir

1 Kendra Willson. 2005. Frásagnir af gælunöfnum. *Nefnir – Vefrit Nafnfræðifélagsins*. Sótt af http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_nefnir_KW

2 *Skírnir*, 113. árg., 1. Tbl., bls. 42. Sótt af http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=306627&pageId=4656490&lang=is&q=F%F3tbolti

3 Ingibjörg Rögnvaldsdóttir. 2009. Sótt af http://bokmenntir.is/desktopdefault.aspx/tabid-3409/5648_read-20309/

4 *Laxdæla saga*. 2010. Mál og menning.

5 Guðmundur Óskarsson. 2012. Á tímum sem þessum lærirðu að lifa á nýjan leik. *Í Smásagnasmáræði*. Námsgagnastofnun, Kópavogi, bls. 87–88.